




# STARA

Rit Sambands íslenskra myndlistarmanna  
nr 10, 1.tbl, 2018





4 - 5

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

*Hrósum því sem  
vel er gert*



6 - 7

Starkaður Sigurðarson

*Innljós í  
Listasafni ASÍ*



8 - 9

Erin Honeycutt

*Maíganga*



10 - 11

Magnús Þór Þorbergsson

*Metum menntun  
til launa!*



12 - 15

Bergrún Anna Hallsteinsdóttir

*Auður Lóa.  
Ávextir sem ekki  
er hægt að borða*



16 - 17

*LAUMULISTA-  
SAMSTEYPAN*



18 - 21

Katrín Helena Jónsdóttir

*„Kenichi,  
hver er ég?“*



22 - 23

Þórdís Aðalsteinsdóttir

*Myndlist í  
fyrsta sinn*

# NR 10, 1.TBL, 2018

---



24 - 25

*Ingirafn Steinarsson*

*Tvær skissur*



26 - 29

*Starkaður Sigurðarson*

*Jafnvægi og að gera myndlist: Viðtal við Sigurð Guðjónsson*



30 - 33

*Auður Aðalsteinsdóttir*

*Gjörningaklúbburinn Listhópur Reykjavíkur 2018*



34 - 37

*Gunnhildur Hauksdóttir*

*Dansandi listasafn*



38 - 39

*Anton Logi Ólafsson*

*Til Berlínar í mánaðarútleið*



40 - 41

*Erling Jóhannesson*

*Aðeins um listamannalaun*



42 - 45

*Katrín Helena Jónsdóttir*

*„Maður missir stjórn á tímanum og það er dásamleg tilfinning“*



46 - 49

*Ástríður Magnúsdóttir*

*LEIKREGLUR Elinu Brotherus í Listasafni Íslands*

# Hrósum því sem vel er gert

Jóna Hlíf Halldórsdóttir  
Formaður SÍM

---

Þann 20. maí 2014 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur menningarstefnu undir yfirskriftinni „Menning er mannréttindi“. Með stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun sem þá voru nýmæli og hefur aðgerðaáætlunin verið uppfærð árlega í samræmi við samþykktu stefnumörkun og fjárhagsáætlun borgarinnar.

Sem formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna, og fyrir hönd Bandalags íslenskra listamanna, hef ég átt sæti sem áheyrnarfulltrúi hjá Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar seinustu fjögur ár. Á þessum tíma hefur það verið mikil ánægja að fylgjast með hvernig Reykjavíkurborg hefur unnið jafnt og þétt eftir aðgerðaáætluninni og gert marga stórkostlega hluti fyrir menningarlífið í Reykjavík. Myndlistarmenn hafa notið góðs af og vil ég nefna hér nokkur atriði sem orðið hafa til þess að við búum í réttlátara og betra samfélagi.

Stórum áfanga var náð þann 12. október 2017 en þá samþykkti Borgarráð Reykjavíkur nýjar verk-lagsreglur Listasafns Reykjavíkur og samþykkti viðbótarframlag til safnsins upp á 8,5 milljónir króna. Greiðslur til listamanna fyrir sýningar árið 2018 verða 12,5 milljónir króna. Er þetta 268%

aukning á milli ára en árið 2017 greiddi listasafnið 3,4 milljónir króna í þóknun til myndlistarmanna. Í þessu máli tók Reykjavíkurborg af skarið á undan ríkinu, líkt og áður hefur gerst, og varð fyrir vikið leiðandi á landsvísu. Nú hafa einnig Listasafnið á Akureyri og Hafnarborg samþykkt sambærilegar verklagsreglur og fengið stóraukið viðbótarfjármagn til þess að greiða myndlistarmönnum. Færa má rök fyrir því að frumkvæðið sem Reykjavíkurborg hefur sýnt í þessu máli hafi úrslitaáhrif fyrir myndlistarmenn.

Þann 18. mars 2017 opnaði Marshallhúsið með pompi og prakt, en þar hafa nú Nýlistasafnið, Kling og Bang og Stúdíó Ólafs Eliassonar aðsetur til framtíðar. Þessi lyftistöng hefur orðið myndlistarmönnum til mikillar gleði en Reykjavíkurborg leigutryggði húsnæðið. Marshallhúsið iðar nú af samtímamyndlist og hefur gefið grasrótinni fallegan og virðulegan sýningarstað.

Um þessar mundir stendur yfir samkeppni meðal myndlistarmanna varðandi útilistaverk í Vogabyggð og hefur verið ákveðið að verja 140 milljónum króna í verkefnið. Verkefnið er í samræmi við stefnu borgaryfirvalda og hluti af

samningsmarkmiðum við lóðahafa á svæðinu. Er þetta fyrsta verkefni af mörgum sem eru í bígerð. Það er frábært að loksins er búið að tryggja að myndlist verði hluti af borgarlandslaginu og þar með samþykkja að myndlist verði hluti af vinnu við gerð nýrra hverfa frá upphafi.

Í lokin vil ég nefna kaup Reykjavíkurborgar á höggmyndinni *Íslandsvarðan* eftir Jóhann Eyfells sem stendur við Sæbraut. Reykjavíkurborg hefur haft verkið að láni frá 2010 og hefur það á þeim tíma öðlast sess sem eitt af kennileitum borgarinnar. Menningarstefna Reykjavíkurborgar ætti að vera fyrirmynd allra sveitafélaga og einnig íslenska ríkið. Ég vil því nota þetta tækifæri og skora á ríkisstjórnina að draga fram drög að myndlistarstefnu íslenskra stjórnvalda sem unnin var af Myndlistarráði 2015 og koma henni á koppinn með aðgerðaáætlun. Á meðan Reykjavíkurborg heldur áfram að styðja við listir mun borgin dafna. Aðgengi að menningu og listum er mikilvægur hluti af því að lifa í frjálsu samfélagi.

## Þróun greiðslna safna til listamanna 2017-2018

	2017	2017	2018	2018
	Fjöldi lista- manna	Greitt í þóknun, vinnuframlag og listamannaspjall ***	Fjöldi lista- manna	Áætluð greiðsla í þóknun, vinnu- framlag og lista- mannaspjall***
Listasafn Reykjavíkur	24	3.400.000	37	12.284.744
Listasafnið á Akureyri	52	1.300.000	35	5.703.280
Hafnarborg	8	1.792.000	11	4.245.000
Listasafn Árnesinga	9	1.539.265	8	2.414.290
Gerðarsafn	22	1.828.000	36	3.127.596
Nýlistasafnið	23	1.688.000	15 til 22	1.554.000
Listasafn Reykjanesbæjar	11	1.200.000	5	1.705.000
Listasafn Íslands	3	815.000	7	2.380.000
Listasafn ASÍ	1	1.959.000	5	3.120.000
Samtals		15.521.265		36.533.910

\*Unnið er samkvæmt verklagsreglum sem hafa ekki verið samþykktar.

\*\* Samningar eru gerðir við hvern listamann fyrir sig og innihalda eingreiðslu án sundurliðunar á þóknun og vinnuframlagi.

\*\*\* Greiðslur vegna listamannaspjalls og fyrirlestra ná til fleiri en listamannanna sem sýna.

## Sundurliðuð áætlun safna á greiðslum til listamanna 2018.

Listasafn Íslands er eina safnið sem má ekki sækja um í opinbera sjóði eins og Myndlistarsjóð.

	Fjöldi lista- manna	Þóknun	Vinnu- framlag	Lista- manna- spjall	Fyrirlestrar	Samtals	Greitt samkvæmt / fjármögnun 2018
Listasafn Reykjavíkur	37	8.061.744	3.419.000	768.000		12.284.744	Verklagsreglum safnsins
Listasafnið á Akureyri	35	3.453.280	1.850.000	240.000	160.000	5.703.280	Verklagsreglum safnsins frá og með ágúst 2018
Hafnarborg	11	2.520.000	1.500.000	225.000		4.245.000	Verklagsreglum safnsins
Listasafn Árnesinga	8	1.315.830	923.460	175.000		2.414.290	Verklagsreglum safnsins (drög)*
Gerðarsafn	36	2.455.596		672.000		3.127.596	Greiðslur eru háðar fjármögnun einstakra sýningarverkefna
Nýlistasafnið	15-22	1.350.000		120.000	84.000	1.554.000	Greiðslur eru háðar fjármögnun
Listasafn Reykjanesbæjar	5	1.705.000				1.705.000	Verklagsreglum safnsins (drög)*
Listasafn Íslands	7	1.640.000		260.000	480.000	2.380.000	Greitt eftir samningum **
Listasafn ASÍ	5	400.000	2.500.000	120.000	100.000	3.120.000	Framlagssamningi SÍM

\*Unnið er samkvæmt verklagsreglum sem hafa ekki verið samþykktar.

\*\* Samningar eru gerðir við hvern listamann fyrir sig og innihalda eingreiðslu án sundurliðunar á þóknun og vinnuframlagi.

\*\*\* Greiðslur vegna listamannaspjalls og fyrirlestra ná til fleiri en listamannanna sem sýna.

# Innljós í Listasafni ASÍ

*Starkaður Sigurðarson*



*Frá uppsetningu Innljós. Ljósmynd Kolbrún Vaka Helgadóttir.*

*Listasafn ASÍ stóð fyrir sýningu Sigurðar Guðjónssonar Innljós í St. Jósefs-spítala síðasta haust og hlaut sýningin fyrstu Íslensku myndlistarverðlaunin sem afhent voru í febrúar. Þetta er fyrsta sýning Listasafns ASÍ eftir sölu Ásmundarsals en safnið stefnir í metnaðarfulla vinnu á komandi árum. Í seinni hluta verkefnisins flytur sýningin Innljós á Blönduós þar sem Sigurður mun vinna inn í fjós í stað spítala. Einnig hefur Hildigunnur Birgisdóttir verið valin til að halda næstu tvær sýningar á eftir Sigurði. Elísabet Gunnarsdóttir, forstöðumaður safnsins, svarar nokkrum spurningum um sýninguna og þátt framlagssamnings í sýningargerðinni.*

*Hver eru næstu verkefni safnsins?*

Safnið vinnur með nýtt sýningarplan til fimm ára frá janúar 2017. Á meðan unnið er að því að koma upp nýju húsnæði fyrir safnið verða sýningar þess haldnar í samvinnu við aðra í mismunandi sveitarfélögum hringinn í kringum landið. Sýning Sigurðar Guðjónssonar í Hafnarfirði var fyrsta sýningin í sýningaröðinni og mjög ánægjulegt og mikil hvatning fyrir okkur að hann skyldi fá Íslensku myndlistarverðlaunin fyrir hana.

*Hvernig gekk kostnaðaráætlun sýningarinnar upp?*

Við fórum talsvert fram úr kostnaðaráætlunum fyrir sýninguna sjálfa, enda var mikil óvissa þar sem við vissum ekki fyrir fram hvar sýningin yrði haldin og því erfitt að áætla. En aðrir liðir reyndust ekki eins kostnaðarsamir, þannig að rekstur safnsins kom vel út. Það er mjög ánægjulegt að geta gefið listafólki svona tækifæri. Sigurður var tilbúinn að taka áhættuna. Auðvitað vorum við að renna blint í sjóinn með þetta allt og hann lagði mikið á sig með okkur til að láta allt ganga upp. Það er alltaf heilmikið átak að setja upp sýningu en þarna vorum við að gera eitthvað á óvenjulegum stað og það tekur á. Sigurður fékk greitt fyrir alla sína vinnu og þóknun fyrir sýninguna samkvæmt framlagssamningi SÍM og allir sem að sýningunni komu fengu greitt fyrir sína vinnu eins og lög gera ráð fyrir. Við fengum að auki ómetanlega aðstoð frá Verkalýðsfélaginu Hlíf og Hafnarfjarðarbæ sem lánaði okkur húsnæðið endurgjaldslaust, BERG Contemporary - galleríið hans - var mjög hjálplegt, Hafnarborg og margir fleiri reyndust okkur vel.

*Er eitthvað sem þið munið gera öðruvísi í undirbúningi fyrir sýningu Hildigunnar en með Sigurði?*

Í grundvallaratriðum verður þetta svipað nema við erum reynslunni ríkari eftir þessa fyrstu sýningu í Hafnarfirði. Þau Sigurður og Hildigunnur eru mjög ólíkir listamenn og verkin hennar Hildigunnar þurfa annað en hans. Vinnan með henni mun taka mið af því bæði hvað varðar staðarval og framkvæmd sýninganna.

*Er eitthvað í framlagssamningi SÍM sem þið takið eftir að mætti bæta?*

Framlagssamningurinn tekur á mörgu sem skiptir máli og er mjög góður til viðmiðunar. Það sem kannski vantar inn í hann er meira um mismunandi verkefni og greiðslur fyrir þau, s.s. þátttöku í pallborðsumræðum, annars konar miðlun en sýningar, viðtöl og fleira í þeim dúr. Það er líka spurning hversu miklu máli lengd sýninga á að skipta þegar kemur að greiðslu þóknunar. Það er eitt atriði sem veldur mér talsverðum áhyggjum varðandi framlagssamninginn en það eru álagsgreiðslur fyrir sýningar og annað sem listamenn taka þátt í fjarri heimili sínu. Ég sé strax að þetta álag er það hátt að það gæti haft afgerandi áhrif á skipulag sýninga víðsvegar um landið sem Listasafn ASÍ leggur mikla áherslu á. Við viljum miðla listinni sem víðast og gefa sem flestum kost á að sjá sýningar. Ég tel að þetta álag þurfi ekki að vera svona hátt. Mikill meirihluti íslenskra myndlistarmanna býr á höfuðborgarsvæðinu og þetta gæti orðið til þess að söfn og aðrir vegir sér við miklum kostnaði við sýningarhald utan höfuðborgarsvæðisins eða að fá til sín listafólk sem býr annars staðar. Ég er hrædd um að þetta komi í veg fyrir hreyfanleika myndlistarmanna um landið og víðar vegna aukakostnaðar.

*Núna eru fleiri söfn og stofnanir að taka upp samninga um vinnuframlag og þóknunir, hver er afstaða listasafnsins til þeirrar vinnu?*

Það er ekkert annað en gott um það að segja og frábært að sjá hvað viðbrögðin hafa verið jákvæð. Mín afstaða hefur alla tíð verið sú að biðja ekki um neitt frítt frá listafólki og það kom á óvart að opinber söfn greiddu ekki þóknun í meira mæli. Reynslan sýnir að flestir eru tilbúnir til að taka tillit til aðstæðna og þess hvaða fjármagn er í boði. Það er sitthvað ef allir eru að gefa vinnu sína, sbr. listamannarekin rými o.þ.h., en þegar kemur að opinberum söfnum þá er annað uppi á teningnum. En svo er líka rétt að taka inn í myndina að aðstöðumunur safna á Íslandi er mjög mikill. Listasafn ASÍ hefur nokkra sérstöðu hvað þetta varðar og er með góðan bakhjarl í Alþýðusambandinu, en sum söfnin eru rekin með fjárframlögum frá ríki eða fjölmönnum sveitarfélögum á meðan önnur hafa ekki eins sterka bakhjarla og verkefni minni safnanna eru ekki endilega í samræmi við stuðninginn sem þau fá. Þess vegna er mikilvægt að rekstrargrundvöllurinn og þar með talinn samningsgrundvöllurinn við listamenn sé veginn og metinn á heildrænan og hlutlausan hátt með skilningi á þessum aðstöðumun og skilningi á mikilvægi þess að listinni sé miðlað sem víðast. Það vantar einhvers konar stefnumótun sem tekur mið af þörfinni fyrir aðgengi alls almennings í landinu að list, þörf þeirra sem miðla henni og listafólksins sem býr hana til. Það sem við þurfum eru viðmiðunarreglur sem safnaflóran í landinu getur samið eftir og aðlagð innan skynsamlegra marka að mismunandi verkefnum.



*Andrými, róttækt félagsrými*

# Maíganga

*Viðtal við Karlottu Blöndal*

*Erin Honeycutt*



*Lífspækifélagið*



*Verk Karlottu Blöndal hverfast kringum efniviðinn sem notaður er til að miðla umskiptum milli hins tvívíða og þrívíða, með hverfulu efni þar sem tungumál og skynjun vega jafn mikið og pappír og textill. Karlotta hefur skapað þáttökugjörninga þar sem landslag lék það hlutverk að vera aðaluppspretta tungumáls sem og orsakavaldur breyttrar skynjunar. Í verkum hennar er tungumál fána til dæmis ítrekað notað til að kanna birtingarmyndir þess sem við sverjum hollustu okkar. Sem slíkir tákna þeir það að hafa rödd og velja sér tungumál til að skapa með sinn eigin veruleika. Þetta var útgangspunktur samtals okkar á vinnustofu hennar, þar sem við ræddum væntanlegan gjörning hennar, Maigöngu, í maí 2018.*

*Þegar ég las um fyrri umhverfisverk þín virtist sem aðferðir þínar fælu í sér hárfína samvinnu umhverfis og efniviðs, ólíkt sumum af upphaflegu landlistaverkunum frá áttunda áratug síðustu aldar, sem voru stundum ótrúleg inngríp og skildu eftir sig mikil ummerki.*

Já, ég vil leyfa umhverfinu að vera hluti af og þátttakandi í því sem ég er að gera, en á óræðan hátt, næstum eins og ógreinanlega tilfærslu sem við skynjum. Í gjörningnum í maí mun ég nota pappír og vatnsliti til að búa til fána, þannig að veður og vindur munu taka þátt í myndinni á fánanum. Ef það rignir, fær regnið sitt að segja. Litir fánans verða magenta (vínrauður), cyan (blágrænn), gulur og svartur, sömu litir og notaðir eru í prentun. Litirnir vísa þannig

til prentaðra upplýsinga, skoðana og áróðurs, sem og prenttækninnar sjálfrar.

*Hvaða þýðingu hefur Helgafell sem staðsetning gjörningsins í maí?*

Gjörningurinn mun hefjast við rætur Helgafells, hins helga fjalls, þótt það sé ekki raunverulega ástæðan fyrir því að ég valdi það. Þetta er fjall sem fólk gengur mikið á og er mjög aðgengilegt. Sum fjöll eru ekki jafn aðgengileg og önnur eru of viðkvæm og mega ekki við mikilli umferð. Helgafell er einhvern veginn staður þar sem allir mega fara – alltumvefjandi fjall. Þetta er göngu-hugleiðsluverk sem gestir taka þátt í.

*Hvernig spilar mikilvægi baráttudags verkalyðsins, 1. maí, inn í gjörninginn?*

Það sem mér finnst áhugavert og mikilvægt við 1. maí er gangan í gegnum borgina með fána sem standa fyrir hugmyndafræði með skýrt markmið, betri heim, að leiðarljósi. Þetta er líka ganga sem allir geta tekið þátt í. Það sama á við um gjörninginn þótt fánarnir séu listaverk sem kallast á við umhverfið og þátttakendur meðan þeir ganga og láta í sér heyra. Gjörningurinn er saminn fyrir Nýlókórinn, hljóðljóðakór sem myndaður er af samfélagi listamanna og vina. Æfingarnar munu verða eins konar þrihyrnt ferli milli Lífspekifélagsins, Andrýmis, róttæks félagsrýmis í Reykjavík, og ytra umhverfis.

*Það sem virðist mikilvægt við þennan gjörning í stærra samhengi er að hann stendur fyrir ákveðna tegund*

*samkoma sem kynna áhorfandann fyrir einhverju án þess að neyða hann til að skuldbinda sig.*

Það er það sem er mikilvægt varðandi fánana, því þeir eru ekki eitthvað sem þú getur samsamað þig sérstaklega: þetta eru litir og pappír, ekki samfélag. Hver fáni er abstrakt mynd. Allir geta séð í þeim það sem þeir vilja því áhorfendur horfa huglægt á hvert flagg, líkt og spegil eða sjálfsmýnd. Sem abstraksjón er hver þeirra jafn einstakur og þinn eigin veruleiki og breytilegur eins og þín eigin skynjun. Fánarnir verða hollustueiður til þíns eigin veruleika eins og sjálft fjallið helga, sem er hvort sem er huglægt og innra með okkur.

*Það er líka birtingarmynd þess hvernig aðgreiningin milli hins veraldlega og hins trúarlega er brotin niður. List er árangursríkasta aðferðin til að laumast yfir landamæri þar sem hún er eitt af því fáa sem fær alls staðar að standa mitt á milli ólíkra hópa.*

Ég held að það sem við sjáum fyrir okkur sé jafnvel handan hins mannhverfa. Timothy Morton sagði að við stæðum ekki síður frammi fyrir andlegri krísu en umhverfiskrísu. Við erum ekki að tala um neina útópíu heldur mjög raunverulegan veruleika, hér og nú. Þetta verður engin útópía því útópíur eru ekki til. En það verður gengið og látið í sér heyra og það verður hefðbundið 1. maí kaffi og kleinur.

# Metum menntun til launa!

---

*Magnús Þór Þorbergsson*

Á undanförunum árum hafa fagfélög listamanna í auknum mæli gengið til liðs við BHM – Bandalag háskólamanna og nú er svo komið að sex félög listamanna eru orðin aðildarfélög innan bandalagsins: Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra listdansara, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Félag leikstjóra á Íslandi og Samband íslenskra myndlistarmanna. Með aukinni menntun listamanna og færslu listnáms yfir á háskólastig er ljóst að listamenn eiga samleið með öðru háskólamenntuðu fólki þegar kemur að stéttabaráttu og geta tekið undir grundvallarkröfu BHM: Metum menntun til launa.

Stofnun Listaháskóla Íslands og uppbygging náms þar á bæði BA og MA stigi hefur haft sín áhrif á að styrkja stöðu listamanna innan samfélags háskólamenntaðra. Listaháskólinn hefur barist ötullega fyrir viðurkenningu á stöðu sinni sem háskólastofnun, vakið athygli

á þætti listar í þekkingarsköpun og rannsóknun og lagt áherslu á mikilvægi framhaldsnáms á háskólastigi í listum. Það er því einkennilegt að menntun virðist engu máli skipta þegar kemur að launum við Listaháskólann, sér í lagi launum stundakennara.

Ég var fastur kennari við Sviðslista-deild Listaháskólans í tíu ár frá 2005 til 2015. Á þeim tíma tók ég virkan þátt í uppbyggingu náms við deildina, átti hlut að stofnun Sviðshöfundabrautar og var fagstjóri hennar um alllangt skeið. Eitt það erfiðasta í starfi mínu sem fagstjóri námsbrautar við Listaháskólann var að horfa framan í stundakennara brautarinnar og upplýsa hver launakjör þeirra væru. Það kom fyrir að fólk hætti við þegar það áttaði sig á hversu lítið var greitt fyrir kennslu og því var ekki alltaf hægt að fá besta fólkið til starfsins. Ég vissi því vel hvað beið mín þegar ég var beðinn um að kenna námskeið



Allir stundakennarar við Listaháskólann fá sama tímakaup – 2.294 krónur. Ljósmynd Jóna Hlíf Halldórsdóttir.

sem stundakennari. Engu að síður ákvað ég að spyrja hvort tíu ára starf mitt við skólann hefði einhver áhrif á launin. Svarið var skýrt: Allir stundakennarar við Listaháskólann fá sama tímakaup – 2.294 krónur – og skiptir þá engu máli hvort um sé að ræða einstakling sem nýskriðinn er úr námi, eða einhvern með áralanga reynslu af kennslu, listsköpun eða fræðistörfum. Reynsla er ekki metin til launa.

Fyrir ári síðan lauk ég doktorsprófi í mínu fagi. Ég hafði unnið að doktorsritgerð minni samhliða starfi mínu í Listaháskólanum og fengið þar mikla hvatningu til að ljúka gráðunni. Það var litið á það sem mikilvægt fyrir stöðu, virðingu og vöxt listmenntunar að auka menntunarstig innan sviðsins, bæði með því að hvetja kennara til að sækja sér aukinnar menntunar og eins með stofnun námsbrauta á meistarastigi við skólann. Þegar kemur að launum hverfur þessi hvatning hins vegar eins

og dökk fyrir sólu. Við spurningunni hversu mikið laun stundakennara hækkuðu með hærri námsgráðu fékkst sama svar og áður: Allir stundakennarar við Listaháskólann fá sama tímakaup – 2.294 krónur. Skiptir þá engu máli hvort viðkomandi sé með doktorsgráðu eða stúdentspróf. Menntun er ekki metin til launa.

Ég leyfi lesendum að gera upp við sig hvort þeim finnst 2.294 krónur á tímann vera ásættanleg laun fyrir kennslu á háskólastigi. Kjör stundakennara við flesta aðra háskóla á Íslandi eru því miður ekki mikið skárrí. Ég leyfi mér að fullyrða að ein helsta ástæða þess að hér virðist hægt að reka samkeppnishæft háskólakerfi fyrir framlög langt undir því sem gerist í kringum okkur sé sú að háskólarnir treysti að umtalsverðu leyti á kennslu stundakennara á óviðunandi lágum launum. Aðrir hérlendir háskólar hafa það þó fram yfir Listaháskólann að greiða hærri

laun fyrir aukna menntun. Sem dæmi fær stundakennari með BA-gráðu 2.070 krónur á tímann hjá Háskóla Íslands, en hækkar við MA-gráðu í 2.338 krónur og í 2.642 krónur við doktorspróf.

Stefna Listaháskólans er hins vegar að horfa ekki til menntunar, stefna sem er þeim mun ótrúlegri í ljósi þess að Listaháskólinn er menntastofnun þar sem þrekvirki hefur verið unnið við uppbyggingu listnáms á framhaldsstigum háskólanáms. Allar deildir skólans bjóða nú upp á meistaranám, en skilaboð skólans til þeirra sem útskrifast af þeim námsbrautum eru einkennileg. Gráðan sem skólinn sjálfur veitir þeim hefur engin áhrif á laun þeirra sem stundakennarar: Til hamingju með gráðuna – við tökum samt ekki mark á henni. Það er ótækt að menntastofnun meti ekki menntun – ekki einu sinni þá menntun sem hún veitir sjálf – til launa.



Bað Díönu pt. II, 2017. Frá sýningunni *Diana, að eilífu* í Ekkisens, akrýl á pappamassa. Ljósmynd Starkaður Sigurðarson.

# Auður Lóa Ávextir sem ekki er hægt að borða

*Bergrún Anna Hallsteinsdóttir*



Hluti af verkinu *Diana, að eilífu* af sýningunni *Diana, að eilífu*, Gallery Port, 2017. Akrýl á pappamassa. Ljósmynd Starkaður Sigurðarson.



Vinnustofa. Ljósmynd Starkaður Sigurðarson.



Pottaplöntur, 2015. Skúlpútur, blönduð tækni. Ljósmynd Auður Lóa Guðnadóttir.

*Auður Lóa Guðnadóttir útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands 2015 og hefur verið að vinna og sýna í Reykjavík og víðar síðan þá. Hún hlaut Hvatningarverðlaun Myndlistarráðs, sem voru veitt samhliða Myndlistarverðlauninum í fyrsta sinn í febrúar síðastliðnum. Við hittumst í bílskúr foreldra Auðar þar sem hún hefur stúdíóaðstöðu.*

*Hverjir eru helstu undirliggjandi þættirnir í þinni myndlist?*

Frásögn í myndmáli er mikið þema hjá mér og ég er alltaf mjög hrifin af sögum, og sterku myndmáli í sögum. Þetta fær maður oft í goðafræðinni, það eru oft svo margir samverkandi þættir í gangi. Það gildir það sama um málverk af Biblíusögum þar sem máluð er mynd sem er gerð úr mörgum litlum tilvísunum. Ég hef mikinn áhuga á t.d. list sem var gerð fyrir fólk sem kunni ekki endilega að lesa. Mér finnst ótrúlega heillandi að segja sögur með myndum. Myndlæsi og myndlíkingar, þetta finnst mér mjög áhugavert.

*Útskriftarverkið þitt úr Listaháskóla Íslands, var það einhvers konar þróun eða speglun á því?*

Pottaplöntur (2015), sem var útskriftarverkið mitt, fjallaði einmitt

mikið um myndmál og þetta ferli að búa eitthvað til. Ég get búið til eitthvað grænt úr plastdúk eða grænum vettlingum, steipt það í form og fólk mun þekkja það sem plöntu ... Það voru til dæmis margir sem komu á sýninguna og sögðu við mig: „Vá ég hélt fyrst að þetta væri alvöru!“ En það var ekkert sem tengdi þetta við raunverulega plöntu, annað en að það lítur pínulítið út eins og þetta gæti verið planta. Það er ákveðinn tilgangur með plöntum og í því sem alvöru plöntur standa fyrir. En gerviplanta, til hvers er hún í raun og veru, og af hverju? Ég hef mikinn áhuga á slíkum fyrirbærum. Þetta á við um gervíavexti líka. Hvaða tilgangi þjóna þeir fyrir utan að vera eitthvað til að horfa á, og af hverju að eiga ávexti sem þú getur ekki borðað?

*Tölum um Díönu, sem var viðfangsefni sýningarinnar Díana að eilífu, hvað var það sem leiddi þig að henni sem miðpunkti listasýningar?*

Ég var í vinnustofudvöl í Dublin í október 2016, og þá langaði mig að gera verk um gyðjuna Díönu sem var að baða sig með vinkonum sínum og svo kemur veiðimaður sem sér hana. Hún breytir honum í hjört, veiðihundarnir hans elta hann uppi og drepa hann. Þetta samhengi fannst mér bara alveg geggjað og langaði að

gera skúlpútur af þessari senu. Margir klassískir málarar hafa tekist á við þetta viðfangsefni, og virðist þetta vera hin fullkomna blanda af erótík og háska. Oft er sagan notuð sem afsökun til að mála naktar konur. Þegar ég var að rannsaka verkið, þá notaði ég google images. Það komu alltaf nokkrar myndir af gyðjunni, og svo var sirka fimmta hver mynd af Díönu prinsessu í hlébarðasundbol að taka sig vel út á einhverri skútu. Mér fannst þetta rosalega skemmtilegt myndmál í gangi, og samtalið milli þessara tveggja kvenna ótrúlega áhugavert. Ég sat með hugmyndina hjá mér í smá tíma og byrjaði á heimildavinnu um Díönu prinsessu og fattaði að árið 2017 væru 20 ár síðan hún dó. Hugmynd að verki breyttist svo í samsýningu, og þetta yrði á endanum svona lítil hátíð, eða homage.

*Listamaðurinn kom með óskaþema fyrir viðtalið: „Að mistakast“. Af hverju vildirðu að samtalið byrjaði þar?*

Þetta er kannski svolítið vítt samhengi, það að „mistakast“ yfir höfuð, af því að það er svo margt sem getur mistekist. Sérstaklega í myndlist þar sem það er engin uppskrift að því hvernig maður á að vinna. En ég held að ég vilji tala um það af því að mér



Vinnustofa. Ljósmynd Starkaður Sigurðarson.



Hundur í sólstól, 2016. Frá sýningunni 109 kettir í peysum, Ekkisens. Akryl á pappamassa.

finnst það svo skemmtilegt, af því að mér hefur „mistekist“ svo margt, og margt hefur gengið erfiðlega. Þá finnst mér gaman að fá verðlaun!

*Við hlæjum að þessari yfirlýsingu, sem segir svo margt um innri heim og efasemdir listafólks, en hún bætir við:*

Það hefur verið erfitt á köflum, en á sama tíma mjög lærdómsríkt. Í rauninni held ég að mér finnst best þegar gengur illa. Það er áskorun þegar það sem maður er að reyna að gera gengur ekki vel, að takast á við það, og láta verkin ekki yfirbuga sig. Þá er maður að læra. Þetta er maður örugglega búinn að heyra oft, en þetta er satt. En svolítið erfitt engu að síður, þegar maður ímyndar sér einhvern veginn að ef maður sé góður í einhverju þá muni allt ganga vel.

*Hvað ertu að meina þegar þú talar um að mistakast, ertu að tala um að glíma við ákveðið verk, eða kannski ferlið almennt? Eða er það myndlistarheimurinn, þar sem er náttúrulega mjög erfitt að fóta sig?*

Það er enginn sem neyðir mann til að gera myndlist, og í raun stríðir ansi margt gegn því. Þörfin til að gera myndlist er alls ekki praktísk, kostar bæði peninga og tíma, og tíma til að gefa sig verkefnum af heilum hug. Maður er svolítið einn á báti. Ef við göngum út frá verkefninu Dána, að eilífu, sem varð að frekar miklu verkefni. Ég var með mjög margar hugmyndir og mig langaði ekki að gera þetta með hálfum hug, svo ég ákvað strax að reyna að framkvæma allt sem mér datt í hug. Það var mjög skemmtilegt en líka ótrúlega mikil vinna. Það er flókið að skipuleggja sýningu, kannski sérstaklega þegar maður hefur ekki skipulagt sýningu af þessari stærð áður. Mér líður oft eins og ég sé að synda í djúpu vatni án kúta. Eftir svolítið fram og til baka kom þessi hugmynd um að hafa þetta á þremur mismunandi sýningarstöðum; Portinu, Ekkisens og svo gjörningakvöld í Mengi. Þrjú mismunandi staðir og þrjú mismunandi aðilar, og þá þarf að halda í alla spottana, hvenær má setja upp, hvenær má gera hvað,

hvar, og svo í ofanálag voru þetta 14 mismunandi listamenn sem eðlilega gerir allt frekar flókið. Ég vonaði líka að við fengjum einhvers konar fjármögnun, en það gekk ekki upp, að hluta til vegna þess hvað við vorum óreynd í því að skrifa styrkumsóknir. Eftir á að hyggja lærdi ég, í gegnum þetta, að það versta sem þú getur verið að þæla í er hvort eitthvað muni fara úrskeiðis, eða að velta sér of mikið upp úr því sem er búið og gert.

*Eftir töluverðan tíma ljúkum við viðtalinu, en seinna fæ ég SMS. Nokkrir aukapunktur sem komu upp í kalli Auðar eftir samtalið okkar. Viðeigandi svona undir lokin:*

Að standa í halla er áhugavert í þessu samhengi. Sem ungur listamaður gagnvart listheiminum, sem listamaður í samfélaginu, sem listamaður gagnvart efnivið sínum. Það krefst þess að maður hugsi skapandi.

*Að mistakast eða finna nýja lausn. Allt rennur saman í myndlist og þegar maður er að stíga sín fyrstu skref þá er öll hvatning velkomin.*



Bað Dýönu pt. I, 2017. Frá sýningunni *Díana, að eilífu*, Gallery Port. Akryl á pappamassa. Ljósmynd Starkaður Sigurðarson.

Ef þú byrjar daginn með sjó á vinstri hönd, sjó til hægri, sjó að baki þér og svo langt sem augað eygir, þá ertu mjög líklega á eyju.

Ef þú ert nú þegar aðal umræðuefni bæjarins, eftir örfáar mínútur, þá er hann mjög líklega lítill.

Ef það er alltaf bankað þegar þú ert á klósettinu og skórnir þínir eiga það til að leggja af stað út úr húsi án þín, þá ertu líklegast innan um margt fólk.

Ef þú ert komin í rúmið en hlærð samt hæst að brandaranum sem er í gangi við borðstofuborðið, þá dvelur þú líklegast í ansi gisnu húsi.

Ef allar hugmyndir þínar sameinast í þokuskýi með hugmyndum annarra, þá veistu að þú hefur misst egóið og tilheyrir nú stærra samhengi.

## LAUMULISTASAMSTEYPPAN

Laumulistasamsteypa samanstendur af hópi listamanna sem dvelja árlega og tímabundið saman í Hrísey með ólíkum afleiðingum. Laumulistasamsteypa er residensía, matar-klúbbur, furðuverk, hátíð, gengi, raunveruleikafáttur, leiðangur, kommúna, útvarpsstöð, stuðningshópur en kannski fyrst og fremst sumarbúðir fyrir friðlausa listamenn.

Laumulistasamsteypa var stofnuð af Ásgerði Birnu Björnsdóttur og Helenu Aðalsteinsdóttur og hefur starfað frá árinu 2014. Samsteypa er amaba sem breytir lögun sinni ár hvert í takt við þarfir og óskir hópsins og skipuleggjendanna. Hún stækkar og teygir sig jafnvel út fyrir landsteinana en á öðrum stundum minnkar hún aftur niður í kjarnastærð.

Laumulistasamsteypa býður uppá tækifæri til þess að stíga út úr sínu eigin hversdagslífi og leyfa sér að snúast um aðrar sólar en maður gerir í sinni eigin sköpun. Að breyta vendipunktinum í takmarkaðan tíma og gefa alla sína orku og athygli í verkefnið sem er fyrir hendi og fólkið sem vinnur það með manni. Að nýta þetta rými sem samsteypa gefur manni til þess að marinerast með öðrum heilum og bregðast við því sem á sér stað í kringum mann. Laumulistasamsteypa gefur þátttakendum listrænt vítamín sem síast inn smám saman, á óvæntum sviðum og oft mánuðum eftir að verkefninu lýkur.





*Stilla úr verkinu Mud man, Laumulistasamsteypun 2017. Ljósmynd Laumulistasamsteypun.*



*Laumulistasamsteypun & the Clusterfog gig, sýning í Harbinger 2017. Ljósmynd Ólöf Kristín Helgadóttir.*



*Hámundarstaðir, heimili Laumulistasamsteypunnar. Ljósmynd Timna Tomisa.*

# „Kenichi, hver er ég?“

*Viðtal við þýsku fjöllistakonuna Katrin Hahner*

---

*Katrín Helena Jónsdóttir, verkefnastjóri gestavinnustofa SÍM*



JEAN. Akríl og olía á striga 150x170cm.

*Katrin Hahner er þýsk myndlistar- og tónlistarkona sem hefur dvalið hérlendis síðan í júní 2017. Á því tímabili hefur hún starfað sem tónlistarstjóri fyrir leiksýninguna Guð blessi Ísland í Borgarleikhúsinu, verið gestalistamaður hjá SÍM og kynnst íslensku mynd- og tónlistarsenunni.*

*Katrin Hahner fæddist í sveit í Suður-Þýskalandi og varð snemma heilluð af hvers konar sköpun: „Ég var stöðugt að teikna og syngja og var algjör draumameistari,“ segir hún mér. Leið Katrinar lá þó ekki beint að myndlistinni heldur kláraði hún fyrst leiklistarnám og vann töluvert í leikhúsi. Eftir að hún lauk leiklistarnáminu fór hún til Stuttgart í Akademie der Bildenen Künste og lærði hefðbundna málaralist og fór svo í framhaldsnám í myndlist í Weissensee listaháskólann í Berlín. Þar býr Katrin enn í dag og starfar jafnt að myndlist sinni og tónlist.*

*Hvers vegna komstu til Íslands?*

Ég kom fyrst til Íslands árið 2016, þá var ég að heimsækja vinkonu mína sem dvaldi í gestavinnustofu SÍM. Eftir heimsóknina gat ég ekki hætt að hugsa um að koma hingað aftur og lét loks verða af því. Planið var að vera hér í fimm vikur í byrjun sumars 2017 og vinna að tónlist eða í myndlistinni. Ég hef alltaf eitthvað að gera; ég er alltaf að vinna og hugsaði að ég gæti allt eins gert það hér á Íslandi eins og í Berlín.

En það var svo fyndið að viku áður en ég kom hingað réð Þorleifur Örn Arnarsson mig sem tónlistarstjóra fyrir verkið *Guð blessi Ísland* sem hann var að leikstýra, svo kom SÍM inn í dæmið og eitt leiddi af öðru og nú er kominn mars og ég er ennþá hér!

Orkan hérna er kristaltær, mér líður eins og ég sé neðansjávar og að ég geti séð mjög langt frá mér, ég held að ég dýrki bara þennan skýrleika sem mér finnst ég upplifa hérna. Ég hef hugsað oft á liðnum mánuðum: *Af hverju varð ég myndlistarmaður?* Svarið er: *Til að geta verið frjáls.* Þess vegna ákvað ég frá mánuði til mánaðar hvort ég ætti að vera áfram, spurði sjálfa mig hvernig mér liði og alltaf þegar ég var búin að ákveða að vera hér kom nýtt tækifæri upp í hendurnar á mér sem gerði mér kleift að vera áfram: Þessi tími á Íslandi hefur verið töfrandi.

*Nú vinnur þú bæði í myndlist og tónlist. Hvernig er að stökkva á milli miðlanna?*

Ég elska það. Það olli smávægilegum vandræðum í upphafi og ég hugsaði alltaf. *Hvað er þetta? Er ég að flýja vandamálin?* Einstein sagði: „Hugsunarhátturinn sem skapar vandamálið getur ekki verið sami hugsunarháttur og skapar lausn á vandamálinu.“ Ég held að í mínu tilviki sé þetta akkúrat málið; ég reyni að skipta um sjónarhorn til að finna lausn á vandamálinum. Núna þegar ég hef gert þetta í nokkur ár líður mér eins og öll listsköpunin sé að renna saman í eitt.

Ég dáist að fólki sem getur einbeitt sér að einhverju einu og dýft sér alveg ofan í það, svolítið eins og djúpsjávarkafarar. Ég átti í basli með þetta til að byrja með því auðvitað líður manni eins og maður kafi ekki jafn djúpt ef maður gerir marga hluti, en ég sé það alls ekki þannig lengur. Mér finnst frekar að ég sé að leita að sama hlutnum eða þræðinum, alveg sama hvaða miðil ég nota. Kannski er ég djúpsjávarkafari sem kafar frekar lóðrétt en lárétt, dýptin er í raun hin sama. Ég er að leita að einum

rauðum þræði sem tengir alla punktana saman, reyni alltaf að leysa sömu gátuna.

Í mörg ár reyndi ég að neyða mig til að einbeita mér að einu í einu og ég fór eiginlega yfir um. Það var þegar ég vann í leikhúsinu, var að gefa út plötu og vann líka sem myndlistarmaður: Þá leið mér eins og brjálæðingi, ég held ég hafi verið svolítið brjáluð. Ég var miklu taugaveiklaðri þá en í dag, nú er ég rólegri.

Það var mikil vinna að sætta sig við að vera sá listamaður sem ég er; allt í öllu, í stað þess að neyða mig til að gera eitthvað eitt. Ég hugsaði bara: *Hvar er gleðin? Hvað kveikir virkilega í mér?* Það er ekki ákveðin tækni sem kveikir í mér, heldur er það gátan, rauði þráðurinn sem kveikir á sköpunargleðinni og veldur því að ég rannsaka allt sem verður á vegi mínum.

*Hvernig stóð á því að þú fórst að semja tónlist?*

Ég deildi vinnuádstöðu með öðrum listamanni í Berlín. Eitt sumarið fór hún í burtu og ég var ein eftir í stúdíóinu. Hún skildi gítarinn sinn þar eftir. Ég var að ganga í gegnum tímabil þar sem ég gat ekki málað, mér leið eins og ég hefði ekkert að segja, alla vega ekki á striga eða með teikningu, eins og ekkert vildi koma frá mér. En þessi gítar var þarna og ég byrjaði bara að spila, það var magnað og ég gat ekki hætt. Ég held að það sé svolítið einkennandi fyrir það sem ég geri, heilinn minn virkar einhvern veginn þannig að þegar ég lendi í vandræðum með einn miðil þá snýr heilinn sér að því að leysa vandræðin með hjálp annars miðils. Þarna byrjaði ég ekki bara að semja tónlist heldur fór ég aftur að geta málað. Ég held nefnilega að þegar

einn hluti heilans verður virkur þá frelsist sá hluti sem var áður stíflaður, þá er allur heilinn slakur og getur búið til lausnir. Þetta er svona hjá mér ennþá. Ég er með hljóðfærin mín og myndlistarverkfærin á sama staðnum í stúdíóinu mínu, ef ég stíflast þá get ég flakkað á milli. Til dæmis þegar ég lendi í vandræðum með tónlistina, þá fer ég að hugsa um liti, það er frekar magnað.

Fyrstu þrjár plöturnar sem ég gaf út komu út undir nafninu *Miss Kenichi*, hún var svolítið eins og annað sjálf mitt. Nafnið kom frá japanskri teiknaðri endurgerð á kvikmyndinni *Metropolis* eftir Fritz Lang. Í myndinni er einn karakterinn ljóshætt vélkvendi sem heitir Tima. Hún skilur ekki að hún sé vélmenni og vill trú á því að hún sé manneskja. Tima reynir að flýja rannsóknarstofuna þar sem hún var búin til og henni er bjargað af strák sem heitir Kenichi, hann vekur í raun með henni þrána til að verða manneskja og kennir henni að tala og finna til. Undir lok myndarinnar hrapar Tima fram af skýjakljúfi og er jafnframt farin að efast um hversu mikil manneskja hún raunverulega sé. Síðustu orð hennar eru: „Kenichi, hver er ég?“

Ég sá þessa mynd og spurning Timu sat eftir í mér. Þetta er að endingu mín spurning, spurningin um það hver ég er, hvernig ég er og hvað ég geti gert í þessum heimi. Þess vegna vildi ég bera nafn Kenichi og úr varð Miss Kenichi.

Stundum getur nýtt nafn eða ný persóna, jafnvel gríma sem þú setur á þig, hjálpað þér að sýna meira af sjálfum þér. Stundum þarftu einhvern búning til að þora að draga fram nýja eiginleika eða stíga í nýjar áttir. Ég er núna að vinna að nýrri plötu undir nafninu KENICHI, hún er eins og slípaður, undursamlegur kjarni sem fyllir alheiminn minn. Ég er ótrúlega spennt að fara að vinna að þessari plötu sem ég vonast til að klára fyrir

lok sumars. Einhver hluti plötunnar verður tekinn upp á Íslandi með dásamlegu fólki þaðan!

*Hvað ertu að sýsla við í dag?*

Ég er á kafi við að búa til heillagripi. Þeir koma til af því að ég var á tónleikaferðalagi fyrir nokkrum árum og upplifði allt í einu þennan svakalega sviðsskrek, mjög slæman á þessum tíma, alveg lamandi sviðshræðslu. Ég hafði aldrei áður verið hrædd við að koma fram en allt í einu var ég alveg veik af hræðslu. Ég var að reyna að komast að því hvað þetta væri og hvers vegna, svo ég hugsaði hvernig ég gæti komið með minn eigin kraft inn í aðstæðurnar.

Ég held að það hafi mögulega verið fyrsta hugsunin, andlega hugsanaferlið, á bak við heillagripina. Hin hliðin á ferlinu við heillagripina er að ég er heilluð af handverki og að skapa gripina varð ákveðin hugleiðsla. Ég hugsaði með mér að þjóðir í gegnum aldirnar hafi stuðst við alls konar tákni og heillagripi og spurði: *Hvernig er minn galdragripur?* Þannig að ég byrjaði að tálga eitthvað sem ég kallaði tennur, mjög stórar tennur. Einbeitingin sem fór í að gera tennurnar var mjög mikil og stundum söng ég á kvöldin þegar allt var hljótt og ég gerði endalaust margar tennur, fjall af tönnum sem ég breytti svo í gripi sem ég fór að ganga með um hálsinn. Gripirnir eru þungir og liggja svo þungt á bringunni á manni að það er einhver kraftur sem fylgir því að vera með þá. Þegar ég var með þá leið mér eins og ég væri að fylla sjálfa mig af krafti. Út af sviðsskreknum leið mér á sviði eins og ég væri brotin, ég gat leitt kraft til áhorfenda en fékk ekkert til baka, öll orkan lak úr mér en það var eins og heillagripurinn hafi lokað fyrir lekann. Svo fór ég að gefa fólki heillagripi. Ég gaf til dæmis Patti Smith einu sinni grip. Ég hitti ótrúlegan fjölda af fólki á þessum tíma og gaf þeim gripi.

Grunnhugmyndin með gripina er sú að heimurinn er fullur af bylgjum og orku. Hvað erum við til dæmis að reyna þegar við klæðumst kjól sem er merktur tískumerki? Jú, við erum að reyna að bera einhvers konar orku með okkur sem kemur frá hönnuninni. Ég hugsaði með mér að ég vildi ekki endilega bera með mér orku frá Versace. Ég vildi alvöru dæmið, raunverulega heillagripi sem vernda þig frá slæmri orku á borð við reiði, hræðslu, kvíða og efa, þú veist þessar tilfinningar sem eru svo skaðlegar og niðurbjótandi. Í þeirra stað fylla heillagripirnir þig af góðum hugsunum.

Ef ég ber þetta saman við það að mála þá er málverkið oft mjög mikil glíma, svakalegt ferli þar sem maður strokar út, malar yfir, tekur af, malar yfir, tekur af, ákvörðun, engin ákvörðun, önnur ákvörðun: Þetta er rosalega mikill bardagi. En ferlið við að búa til heillagripina er mikið hreinna, þá er eins og líkaminn fái að skapa án hugans. Málverkið snýst meira um að berjast við að halda huganum í skefjum, allt bablið og rabbið sem á sér stað í huganum þegar ég mála trufar. En þegar ég geri heillagripina fara bara góðar hugsanir beint í gripina, án bardagans.

Ég nýt þess að búa þá til og ég held að fyrir mig sé takmarkið, þegar ég hugsu út í það: *Hvar er gleðin? Hvenær gleymi ég tímanum? Hvenær stoppar tíminn?* Tíminn stoppar alveg þegar ég bý til heillagripina. Ég get sagt þér að alltaf þegar ég skapa eitthvað, ef ég upplifi að tíminn stöðvast er sköpunin góð, listaverkið gott. Ég reyni oftast að pæla ekkert í því hvað öðrum finnst en auðvitað er engin laus við það. Þú býrð yfir þessum hugsunum en ég fyllist vissu þegar tíminn stoppar: Ókei, þetta er málið, engin efi, engar spurningar, engin hræðsla.



*Katrin Hahner með heillagripina. Ljósmynd Antje Taiga Jandrig.*

# Myndlist í fyrsta sinn

## *Bórdís Aðalsteinsdóttir*

Út er komin bókin *Ég er hér*. Rit sem gefið er út í tengslum við sýningu Heklu Daggar Jónsdóttur, *Evolvement*, sýningu sem gladdi listunnendur er lögðu leið sína í Kling og Bang síðastliðinn febrúar. Ég tel mig þekkja verk Heklu Daggar ágætlega, og uppgötvaði þó margt nýtt og spennandi í kaflanum *Works*, þar sem farið er yfir helstu verkin á ferli hennar í myndum, titlum og stuttum lýsingum á verkum, sýningarstað og stund. Kaflinn gerir myndlist Heklu Daggar góð skil, maður hrífst með, öðlast lesskilning á verkum hennar og hugmyndum, að einhverju leyti alla vega. Stundum langaði mig í aðeins meiri upplýsingar um einstaka verk,

sem er til marks um að bókin nái þeim ágæta árangri að vekja áhuga á að vita enn meira um listakonuna um leið og hún uppfræðir mann. Verk Heklu Daggar eru alla jafna ekki bara upplifunarverk, þar sem við göngum inn í tilbúna upplifun heldur er baktjaldavinnan – klippiverið, spýnastrúktúrinn sem heldur ísskáp gangandi úti á skógargötu í sumarhita o.s.frv. – jafn áhugaverð og mögnuð og útkoman. Ef maður nær að setja sig inn í verkin, heyra sögurnar, sjá vinnuferlið, gengur maður kátari inn í daginn. En myndlist Heklu nær einnig vel að standa ein og sér, sem falleg og fágúð lokaútkoma, tímaleyfa og furðuverk.

Það að reyna að endurskapa náttúruleg fyrirbæri í vinnustofunni með manngerðum gerviefnum er ekki nýtt undir sólinni, en Hekla Dögg ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Hún tekur rómantísk og táknræn minni, til dæmis varðeld eða flugelda og útfærir á rafrænan hátt í bakskaustljós og hljóðupptökur. Útkoman er melankólísk og jafnvel eins og dæmd til að misheppnast, en gerir það þó ekki.

Hugmyndin um listamanninn og manneskjuna sem hluta af samfélagi og samvinnu er kannski frekar hluti af almennri lífssýn Heklu Daggar en mörkuð stefna,



Þú ert hér/You are here, 2000. *Ljósmynd Hekla Dögg Jónsdóttir.*



Frosinn pollur/Frozen puddle, 1998. *Ljósmynd Hekla Dögg Jónsdóttir.*



Fire, fire fire, fire fire fire, 2006. Ljósmynd Ivar Valgarðsson.

og rennur á náttúrulegan hátt saman við myndlist hennar. Hekla Dögg skapar á stundum aðstæður þar sem listamönnum er boðið að koma inn og búa til sín eigin verk innan myndlistar hennar sjálfar, hún setur fram tæknilegan og hugmyndafræðilegan ramma sem bæði slær tóninn og heldur utan um útkomuna. Í þessum verkum vikur einræðisherrann fyrir anarkíunni, eða hvað? Listamennirnir sem taka þátt fá tækifæri til að slökkva aðeins á egóinu og eignarhaldinu og skora á sjálfa sig, mörkin sem listamönnunum eru sett virka smá eins og í kvikmyndinni *The Five Obstructions*, þar sem takmarkanirnar auka möguleikana.

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, sýningarstjóri *Evolvment* og ritstjóri bókarinnar, skrifar stuttan og skýran inngang í *Ég er hér*, með hnitmiðaðri kynningu á listakonunni og sýningunni í febrúar. Ingibjörgu finnst freistandi að mynda tengingu milli mekkanismans og blöndu ólíkra þátta í sýningunni *Evolvment* yfir í verk Duchamps *Stóra glerið*, tengingu sem mér finnst jafn heillandi og mér finnst hún framandi.




Markús Þór Andrésson skrifar glaðlegan texta sem býður upp á marga nýja vinkla og tengingar í myndlist Heklu Daggar. Hann gefur okkur ekki kynningu á verkum Heklu í listasögulegu samhengi, en setur þau frekar í samhengi hvert við annað, og hjálpar lesandanum að stíga inn í heim listakonunnar og upplifa hann og skilja á forsendum Heklu og listarinnar sjálfar. Miðað við reynslu og menntun Markúsar er hrifnæmi hans einstakt. Við lestur á textum hans fæ ég iðulega á tilfinninguna að hann sé að lýsa einstökum atburðum, hámarki þróunarsögunnar, en ekki tiltölulega algengri framsetningu á myndlist. Stundum finnst mér jafnvel að hann sé að sjá myndlist í fyrsta sinn og trúi ekki eigin augum yfir kraftaverkunum sem hægt er að framkvæma. Og sjálfsagt hefur hann rétt fyrir sér. Við stöndum líklega endalaust frammi fyrir hámarki mannlegrar getu, erum alltaf að sjá myndlist í fyrsta sinn.

Titill bókarinnar, *Ég er hér*, speglar titil á verki Heklu frá árinu 2000, *Þú ert hér*. Silfrúð jólatréskúla, 30 sentimetrar í þvermál, með áletruninni *Þú ert hér*. Þetta einfalda

verk undirstrikar kannski einmitt þessa fullvissu sem við leitum að þegar við förum að horfa á og upplifa myndlist. Tilvist okkar sjálfra, tilvist sögulegs eða bara einhvers samhengis. Bókartitillinn *Ég er hér* er áleitinn og falleg yfirlýsing. Hekla Dögg er hér, á fullri ferð í ólgandi myndlistarferli þar sem hver áhrifarík og úthugsuð sýning rekur aðra. Hún er hér og störf hennar sem einn af stofnendum listamannarekna rýmisins Kling og Bang, og drifkraftur hennar við að virkja listamenn til að ganga í eina sæng, hafa markað stór þáttaskil í íslenskri listasögu og hugmyndum um listamanninn og myndlist. Bókarkápu sjálfa hefði ég viljað hafa meira æsispennandi en svarta strigakápu. En innihaldið stendur styrkum fótum og skiptir kápan þar engu, skrásetning sem og kynning á þessum fyrsta hluta ferils Heklu Daggar. Gleði, lágstemmdur humor og fagmennska einkenna bókina, engu ofaukið, sem sagt rímar vel við myndlist Heklu. Hér er gott innlegg í samtímalistasöguna, það er gaman að vera hér og muna eftir því hvað myndlist er mikill galdur og gefandi fyrirbæri.








# Jafnvægi og að gera myndlist: Viðtal við Sigurð Guðjónsson


---

*Starkaður Sigurðarson*



*Ljósmyndir Starkaður Sigurðarson.*





Þá byrjar þetta í einhverju svona objekt. Ljósmynd Starkaður Sigurðarson.

Að upplifa rýmið og hreyfinguna. Eitthvað sem ég hef alltaf gert. Það er einhver stór partur af mér. Ég fer að hugsa um strákinn minn, á kafi í hjólabretti. Hvernig hann er stanslaust á hreyfingu, og er að upplifa umhverfið á hreyfingu. En samt þarf að halda jafnvæginu, vera kyrr. Og hvað er vídeókameran? Þú þarft einhverja hreyfingu. Þetta er einhver leit eftir hreyfingu gegnum kameruna.

Jörðin hefur haldið áfram sínum snúningi, það er komið sumar, ef ekki í loftinu þá í fólkinu. Það þýðir ljós, yndislegt ljós. Að hafa aðgang að sólinni aðeins lengur hvern dag. En við Sigurður Guðjónsson sitjum í vinnustofunni hans og hann segir mér að þetta sé ekki nógu gott. Það er of mikið ljós. Hann er að fara að skipta um vinnustofu við annan listamann í húsinu, einhvern sem hefur aðgang að meira myrkri. Rými aðeins dýpra inni í byggingunni.

Þetta er áhugavert ef maður horfir á það þannig. Þetta statíska og svo hreyfingin. Það hefur verið í verkunum alveg síðustu 3-4 ár. Nánast still life. En á sama tíma eitthvað sem hefur hlaðið hreyfingu, og spennu, í myndefnið.

Sigurður Guðjónsson gerir verk sem hreyfast, hratt, hægt, en vilja, þurfa, að vera í jafnvægi. Fyrir sýninguna sína Innljós hlaut hann Íslensku myndlistarverðlaunin, afhent í fyrsta

skiptið í febrúar síðastliðinn. Sýningin var áhugaverð á margan hátt. Haldin í samstarfi við Listasafn ASÍ og Elisabetu Gunnarsdóttur, í Sankti Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Og þá kemur maður inn í þessa byggingu. Maður fer strax að hugsa öðruvísi heldur en í galleríi. Maður gengur inn um litlar dyr, kapelludyr. Það myndast þetta presence, sem verður partur af verkinu. Það er líka eitthvað fallett, eitthvað gott orð sem Sankti Jósefsspítali hefur. Það kom mikill fjöldi fólks, vonandi að kíkja á sýninguna, en líka að skoða minningar úr húsinu. Ég var meðvitaður um það, en ég átti ekki von á því að þetta væru svona sterkar minningar, mikið af sögum sem flæddu þarna um. Nunnurnar, lækarnir, yfirgefna byggingin, þessar myndir sem birtast. Náttúrulega algjört overload að sýna á þessum stað. Og ég þurfti að hugsa, ætlarðu að fara þarna inn? Jú, þú verður bara að láta flakka.

Þú ferð inn í kapellu, inn í líkhús, spítala. Það verður að virða það. En þegar upp er staðið held ég að ég hafi ekki hugsað svo mikið um það, frekar um virknina í verkinu. Rýmið sjálft. Svo koma þessar minningar með. Þessi bygging er dálítið rafmögnuð. Leifar af skurðstofum og vélum og suð í loftinu, hún suðar öll byggingin.

Eitt verkið á sýningunni sýndi eitthvað sem ég hélt fyrst að væri unnið í tölvu,

að það væri einhver heimagerður effekt úr ljósi og endurtekningu. Verkið heitir Fuser og er einhverskonar ljós mynstur sem rúllaði um í rétthyrningi á gólfi kapellunnar. Það er hljóð af því, suð líka, en það lítur út eins og sandur eða sjór í sólarljósi, eða þá vélrænn bóndi að girða. Þá segir Sigurður mér að þetta sé ekki það heldur upptaka af mjög einkennilegum hlut sem hann fékk í hendurnar.

Hann kom bara til mín. Það var einhver að fara að henda þessu. Afar heppilegt. Þá byrjar þetta í einhverju svona objekt.

Málm kubbur sem heldur hringlaga grind á teini. Undir grindinni eru nokkrir takkar og rofi. Þegar hann setur þetta tæki sem kallað er Fuser í samband þá slær út. Birtan í kringum okkur breytist ekki, en það gerir algjöra þögn. Við horfum á þennan hlut.

Þetta er rosalega analog. Þetta er bara one take. Ég ætla að slá inn.

Þá snýst þessi hlutur, hægt, og hitnar, glóir. Á einhverju óræðu millibili þá smellur hann og eitthvað færist til með smá látum.

Það er flæði í ljósinu, og þessari hreyfingu, og þessu hökti, dúff, þessum ryþma sem er að myndast, sem ég horfi mikið á. Vídeóíð nemur virknina í tækinu. Kannski er þetta ekki svo mikið þegar þú ert bara með



*Hér er of mikið ljós. Ljósmynd Starkaður Sigurðarson.*

Þetta í höndunum, en það er spurning hvað þú gerir við það, hvernig þú leggur það inn, og hvað passar. Þannig að þetta er einn layer.

*Það er öðruvísi ljós inni í húsi og úti undir himni, berum eða skýjuðum. Og það er öðruvísi að halda sýningu í þínu eigin rými, í Ásmundarsal, eða að þurfa að leita út á við, að einhverju rými sem maður gengur inn í, finnur. Vorið 2017 kallaði Listasafn ASÍ eftir umsóknum fyrir þetta verkefni sem varð Innljós, fyrsta sýningin eftir söluna á Ásmundarsal. Metnaðarfullt verkefni sem Elísabet Gunnarsdóttir, forstöðumaður safnsins, stýrði. Valinn var listamaður til að sýna á tveim stöðum á landinu, og svo myndi safnið kaupa verk af viðkomandi fyrir tvær milljónir króna. Kallað var á frumleg vinnubrögð. Þarf listasafn að vera með húsnæði, sýningarsal, hvíta málningu, til að vera listasafn?*

Ég vissi ekki alveg hverju þau voru að leita eftir þegar ég sótti um. Ég bjóst bara við að þau vildu kaupa eldri verk en þá voru þau spennt fyrir einhverju nýju líka. Þannig að við tókum dálítið sénsinn á því að ég myndi gera alveg ný verk. Þetta er í byrjun maí, og sýningin opnar um miðjan september. Náttúrulega sótti ég í eitthvað sem ég var byrjaður á. En við vissum ekkert hvar sýning yrði.

Elísabet vildi vanda til verka, henni fannst þetta mikilvægt skref. Og þetta

gekk ótrúlega vel. Það var miklu meiri aðsókn á sýninguna en við bjuggumst við, og við fengum ágætis athygli. Þetta er spennandi verkefni sem hún er með þar til þau ná að byggja nýtt húsnæði. Að vera í fljótandi rými, bara hér og þar.

*Þá þarf að vera jafnvægi hér líka. Í sambandinu, í vinnunni, í hugmyndunum. Og það var strúktúr til staðar. Það var skýr fjárhagsáætlun, skýr sýn sem Elísabet hafði þrátt fyrir húsnæðisleysi. Listasafn ASÍ var fyrsta safn á Íslandi til að borga listamönnum þóknun fyrir sína vinnu og var það viss hornsteinn í verkefninu. Hvað þurfti til að gera vel hér?*


Það var samningur um sýninguna, þar sem ASÍ fylgir SÍM framlags-samningnum. Það var allt tekið inn, hversu lengi stendur sýningin, eru þetta ný eða gömul verk, uppsetningarferli, allt það. Þetta er æðislegt, náttúrulega, og þetta er í raun og veru fyrsta skiptið sem ég kynnist þessu. Og þessir samningar, af því sem ég þekki, þeir eru góðir. Það er taxti sem myndlistarmönnum er borgað eftir, greitt er fyrir uppsetningu, sýningartíma, og fyrir að vinna að nýjum verkum. Ég var með aðstoðarmann í uppsetningunni. Og hann fékk greitt sem verktaki. Það var alveg nauðsynlegt að fá þetta. Þér líður betur með vinnuna. En auk þess að greiða sem samsvarar

mánaðarlaunum fannst mér heilsteipt að þau keyptu þessi þrjú verk, öll verkin á sýningunni. Þannig að dæmið gengur mjög vel upp í þessu samstarfi. Þetta var mikil vinna og auðvitað eiga myndlistarmenn að fá greitt fyrir störf sín.

*Hvernig viljum við tala um launamál listamanna? Það er erfitt þegar maður skynjar stundum einhverja tregðu við að tala opinskátt um þetta. Auðvitað hafa ekki allir sömu sýn á þetta efni, en það er hægt að byrja á einhverjum sameiginlegum punkti.*

Maður hefur aldrei talið tímana sem maður hefur nýtt í sýningu, eða listina sína. Þetta er, á einhvern hátt auðvitað, ekki tímakaupsvinna. Í mínu tilviki þá er þetta mikil tæknivinna og mjög tímafrekt að setja upp svona sýningar. Endalausir kaplar og drasl, og hugsun sem fylgir uppsetningunni. En fyrir uppsetningarvinnu á þessari sýningu var ég með nákvæman tímafjölda sem ég skilaði inn til Elísabetar þegar ég var búinn. Það var ekkert hægt að gera þetta öðruvísi. Það er erfðara að meta huglægu vinnuna að baki hverju verki sem og tímann sem flýgur frá manni þegar verið er að skapa.

*Er jafnvægi þá að geta haldið á hjartanu og á gluggapóstinum á sama tíma? Ekki kannski í sömu hendinni, en kannski í sitthvorri?*



Fuser, 2017. *Frá sýningunni Innljós. Vídeóinnsetning á St. Jósefsspítala. Ljósmynd Vigfús Birgisson. Birt með leyfi Sigurðar Guðjónssonar og Berg Contemporary.*

Ég man að ég sýndi, 2007, í D salnum, svona fyrir unga listamenn. Það var eitthvað budget í þeirri sýningu, hvort það var 200.000 krónur. Á þeim tíma var það fint, og það munar virkilega um það fyrir unga listamenn sem eru ekki með neitt milli handanna. En hvaðan sú tala kom, eða fyrir hvað hún var, var ekki skýrt.

Og maður er að sýna út um allt, lána verkin út, screening hingað og þangað, og hingað til hef ég ekki verið að rukka fyrir það. En á einhverjum tímupunkti, í raun og veru bara núna, þarf maður að fara að huga að því að auðvitað á maður að rukka fyrir það þegar verkin eru sýnd. Og þar er samningurinn alveg krúsíal. Þarna getur maður vísað í eitthvað sem er til. Það er gott að setja þetta upp á borðið, og að það sé alla vega verið að byrja einhversstaðar. Þetta er brakethrough dæmi núna, og vonandi næst að byggja ofan á þann grunn. En ég hugsa að þetta eigi eftir að þróast líka hægt og rólega, þessir samningar og þessi vinna. Og það þarf að halda þeim við, það þarf að uppfæra þá, passa að þeir úreldest ekki. Tölur breytast hratt. Eins og framlagssamningurinn sem er ekki háar. En við byrjum hérna. Reynum svo að koma þessu í eðlilegt form. Og í því samhengi er nauðsynlegt að fagna í okkar geira líka, eins og með Íslensku myndlistarverðlaununum. Að skoða það sem gerðist á árinu. Það er fljótt að gleymast.

*Lag og lag og lag, og hljóð, hús, gestir. Það er erfitt að taka lögin í sundur frá hvort öðru. Það þarf að halda jafnvægi. List er vinna og ekki vinna, ást en líka strit, til og ekki til. Hvort er vídeó efnislegur hlutur eða óefnislegur hlutur? Á hreyfingu eða ekki á hreyfingu?*

Það er líka áhugavert. Þessi óefnislegi hlutur, vídeó, að það hafi einhver líkamleg áhrif. Og það hefur alltaf togað í mig, líka út af öllu þessu. *Sigurður tekur upp símann sinn.* Það eru allir að fletta endalaust í gegnum síma. Verkið er svo mikið þetta að þú þurfir að fara á einhvern stað og upplifa eitthvað, líkamlega. Þessi verk virka ekki á skjá í símanum eða tölvunni. Þú getur fengið sýnishorn, það er ekki það sem þau eru. Það er líka lyktin af öllu.

*Og svo heldur maður áfram. Á hjólabrettinu, að líða um heiminn. Maður má ekki vera hræddur að detta af, eða, það er að segja, maður þarf að elska það meira að vera á brettinu, að leita að þessu jafnvægi, heldur en að hræðast það að detta. Sigurður heldur áfram. Það eru sýningar fram undan sem nálgast, í Maximuseum í Róm, Kapall í Skaftfelli, samsýning á Hjalteyri, samsýning í Listasafni Reykjavíkur á Listahátíðinni, svo hugsanlega nýtt verk fyrir sýningu í Litháen. Og seinni sýningin með ASÍ verður í fjóshlöðu á Blönduósi.*

Ég er ekki búinn að fara í rýmið, hef bara séð myndir. En ég hef trú á því. Þetta er fjós og langur skúr. Allt annað. En fjóshlaðan minnir aðeins á form kapellunnar. Hún er falleg, hátt til lofts. Og ljósið. Minningin sem maður hefur af fjóshlöðum er hvernig ljósið lekur inn og teiknar, ryk í loftinu. Ég held það verði eitthvað heilagt í kringum það. Miklu hrárra, en rosalega fallett stæði, Kleifar á Blönduósi, þar sem Finnur Arnar og Áslaug eru. Alveg við Blöndubakka, áin rennur þarna bak við. Þetta verður tignarlegt örugglega.

En hlutföllin á verkunum breytast. Og ég ætla að hanna hljóðið aðeins öðruvísi á einu verkinu. Verk sem var lítið í líkhúsinu verður risastórt. Ljósgeisli sem færast meðfram öllu rýminu. Það hefur strax aðra virkni. Maður þarf að reyna að móta verkin inn í ný rými. Af því það fer þetta hitt sem var í kapellunni og í líkhúsinu.

*Verkin eru kyrr um stund, svo fara þau að flæða aftur, í júlí. Jafnvægið helst með hreyfingu. Í hreyfingunni og í rýminu. Það þarf vissan kjark til að trú á sjálfan sig í listinni, að halda áfram. Þá gefst mikið af því að einhver annar trú líka.*



# Virkjum hjartastöðina og þriðja augað

---

*Auður Aðalsteinsdóttir*

*Gjörningaklúbburinn er Listahópur Reykjavíkur árið 2018. Það felur í sér styrk til að vinna að verkum á þessu ári og viðurkenningu á 22 ára ferli klúbbsins, sem Eirún Sigurðardóttir og Jóni Jónsdóttir segja ekki síður mikilvæga. Þær nýta þennan byr í seglin til að sigla af krafti inn í öld vatnsberans; þróa áfram hugmyndir sínar um Aqua Maríu og kanna orku vatnsins gegnum hjartastöðina og með aðstoð þriðja augans.*

*Ljósmyndir: Gjörningaklúbburinn.*





Frá gjörningnum á Torginu í Neskirkju.

Listahópur Reykjavíkur er árleg útnefning sem var áður einskorðuð við tónlist en nær nú til annarra listgreina. Gjörningaklúbburinn er fyrsti myndlistarhópurinn sem fær þessa viðurkenningu, enda hefur hann sérstöðu í íslensku menningarlífi og hefur starfað lengst og mest allra slíkra hópa. Stofnfélagar voru Þrír, Eirún, Jóni og Sigrún Hrólfsdóttir, sem hefur verið í starfsleyfi frá árinu 2016, og um tíma var Dóra Ísleifsdóttir fjórði meðlimurinn. Sjávarlykt svifur yfir vötnum þegar Stara tekur hús á þeim á vinnustofu þeirra við Grandagarð, þaðan sem glittir í sjóinn, og inni liggja hreinsaðar öðuskeljar um gólf og bíða frekari útfærslu.

„Reglurnar okkar hafa alltaf verið þær að við segjum ekki hver gerir hvað eða hver á hvaða hugmynd. Það skiptir máli að allir geti lagt nokkuð jafnt í púkkið. Sem tvíeyki komum við tvíefldar inn í þennan miðhluta starfsferilsins, það fylgir því mikil orka og góð. Og mikið hjarta. Samkvæmt talnaspekinni erum við tvær fjarkinn, sem er hjartað, og við

fylgjum því. Við sækjum til dæmis námskeið sem heitir villikellingar. Til að nálgast okkar innri villikellingu og hjartastöðina stundum við aldagamla súkkulaðiseremóníu. Verkefnið okkar núna og hugmyndafræðin tengjast mikið inn í þá áru sem fylgir öld vatnsberans, sem er ótrúlega hippalegt en nauðsynlegt. Hipparnir höfðu rétt fyrir sér og þess vegna erum við óhræddar við að fara á villikellinganámskeið og stunda talnaspeki - fara á nýja staði og losa okkur við fordóma. Það var einmitt hugmyndin þegar við stofnuðum Gjörningaklúbbinn. Við höfðum fordóma gagnvart gjörningum; fátt var lúðalegra. Þess vegna ákváðum við að prófa gjörninga og ögra okkur. Það sama gerum við núna með nýaldarspekina. Við erum í því flæði að rísa upp gegn stöðluðum forsendum í samfélaginu, fara inn á við og upplifa vatnið í okkur.“ Þær vinna með nokkra þræði í þeim efnum; m.a. uppreisn og vatn og þar kemur verkið *Aqua María* sterkt inn. „María þýðir meðal annars uppreisn á hebresku og mar þýðir sjór á

íslensku. Aqua María birtist okkur hér á vinnustofunni. Það var ótrúleg stund. Við horfðum hér út og allt í einu var eins og umferðin stöðvaðist. Það byrjaði að hellirigna og svo kom þessi svakalega birta og regnbogi, en blái liturinn var svo sterkur að hann yfirgnæfði hina litina og talaði til okkar. Það kom einhver kraftur úr vatninu sem við leyfum okkur að taka til okkar. Á sama tíma rísa upp konur um allan heim, með *Me Too*. Aqua María er rebellinn í okkur öllum, segir hingað og ekki lengra. Hún var t.d. með okkur í því að skila skömminni fyrir hönd Maríu meyjar til Guðs, sem við gerðum á Torginu í Neskirkju síðasta pálmasunnudag, á boðunardegi Maríu. Þar notuðum við þær aðferðir kirkjunnar að predika og tala beint út, og fluttum við hugvekju og Maríuspjall úr Nýjasta-testamentinu. Boðunardegi Maríu er alltaf lýst svo fallega en hún var aldrei spurð hvort hún vildi ganga með Jesú. Gamlar möntrur geta verið hættulegar og þetta er í raun ekki falleg saga; kona er gerð að staðgöngumóður án þess að hún sé



Gjörningaklúbburinn dúnar upp Pissed off! í gjörningi á Torginu í Neskirkju. Piss á vatnslitapappír, 2018.

spurð. Við vinnum með röddina, það að hafa rödd og nota rödd og finna vatnið titra í líkamanum gegnum röddina. Hér á vinnustofunni erum við með gong skál sem gefur okkur tóninn fyrir fimmtu orkustöðina, sem er röddin. Þar kemur byltingarröddin inn líka, að finna hana og nota. Í gjörningnum í Neskirkju fengum við kvennakórinn Hrynjandi til þess að flytja tónverkið *Aqua María* sem er unnið í samstarfi við tónskáldið Ólaf Björn Ólafsson þar sem við fengum hann til að rímixa Ave Maríu Schuberts og Sigvalda Kaldalóns með texta eftir okkur um *Aqua Maríu*.“ Eirún og Jóni segja að þessar nýju áherslur spretti af gömlum rótum. „Gjörningaklúbburinn er eins og

risatré með miklar rætur og stórt greinahaf. Við hoppum milli greina, gefum einni og einni grein meiri innspýtingu, vökvum aðeins meira hér og þar. Við höfum frá fyrsta degi haft slagorðin „ástin sigrar allt – tvímælalaust“ og „það mjúka sigrar hið harða“. Eftir að við urðum tvær höfum við svo opnað á meðvitaðri hátt fyrir samstarf með öðrum og hleypum fólki fyrir inn í ferlið til að taka þátt í sköpuninni.“

Bláskeljarnar og perlurnar á gólfinu í vinnustofunni vitna um ýmiss konar tilraunir. „Við vitum að það eru ekki perlur í bláskeljum en við erum listamenn, ekki náttúrufræðingar.“ Þær benda einnig á að opnar skeljar

minni á píku og að í Svíþjóð sé snípurinn kallaður perla, sem sé skemmtileg tenging. Í gjörningnum í Neskirkju bar kvennakórinn derhúfuslæður, bláar og hvítar derhúfur með áfastri blárri slæðu og hvítri perlu í derinu. „Húfurnar tala inn í ólíka menningarheima. Derhúfan er t.d. mjög ákveðið tákni fyrir Ameríku og sérstaklega núverandi Bandaríkjaforseta á meðan slæðan tengist meira konum, Maríu mey eða búrkum. Hvaðan sem við komum og hvernig sem við klæðum okkur minnir perlan á mikilvægi þess að efla innsæið, hlusta á það og treysta því.“





*Gjörningaklúbburinn ásamt Aqua Mariú.*



Sýningarsalur Nýlistasafnsins 1983, mynd af boðskorti fyrir sýninguna SÝN.

Ef kisa getur dansað tangó geta listasöfn örugglega dansað. Nýlistasafnið hefur sannarlega talist eitt af óvenjulegri söfnum í flóru myndlistar á Íslandi í gegnum tíðina og aðal dansarinn. Safnið hefur veitt vettvang fyrir tilraunagjarnan framgang myndlistar og kollegar af öllum kynslóðum, mislangt komnir í dansi sínum, hafa átt þar mótstað og lagt á sig mikla vinnu fyrir safnið og merkingu þess. Það sem hefur m.a. veitt Nýló algera sérstöðu er að það er stofnað og rekið af myndlistarmönnum og hefur í 40 ár safnað tilraunakenndum listaverkum og efni sem tengist frumkvæði listamanna í reykvísku listalífi með þeirri áherslu og sýn sem starfandi listamenn einir hafa á senuna. Fertugasti ársfundur safnsins er nýafstaðinn og niðurstaða hans markar kannski enn nýja sporbraut í framtíðina undir nýja þakinu vestur á Granda.

Safnið var stofnað til að mæta stöðnuðu og íhaldssömu safnalandslagi sjötta áratugarins þegar ung kynslóð listamanna kom með strauma flúxus- og konseptlistar til eyjarinnar frá meginlandinu. Svokölluð nýlist fékk dræmar viðtökur, t.a.m. var unga fólkinu ekki hleypt að í FÍM og SÚM var stofnað sem andsvar við því. Síðar náði þessi sveifla til Íslands, Nýlistadeild var stofnuð í Myndlista- og handíðaskólanum og árið 1978 var tekið það skref að stofna listasafn, sem viðbragð og til að glata ekki menningarverðmætum sem eldri kynslóðin þá skellti skollaeeyrum við. Safnið var stofnað af hópi myndlistarmanna og, eins og frægt er, í andstöðu og skyldi vera rekið sem sjálfseignarstofnun af félagi starfandi myndlistarmanna og áhugamanna um myndlist. Nýló hefur óslitið hreyft sig í óreglulegum takti við starfandi listamenn í öll sín 40 ár með allskyns skakkaföllum,

skoðanaskiptum, misvitrum ákvörðunum, húsnæðishraki og örum yfirhalningum á stefnumótun og sjálfsmynd. Safnið hefur með þessu brölti haft óafturkræf áhrif á þann völl sem íslenskir myndlistarmenn hreyfa sig um og í gegnum tíðina hafa erlendir kollegar sýnt safninu áhuga og hluttekningu, sýnt þar í félagi við íslenska listamenn og skilið eftir sig listaverk sem eru varðveitt í breiðri og eiginlega tilviljanakenndri safneign og heimildasöfnum sem nú eru flokkuð og varðveitt í Völvufelli eins og púsl í púsluspil fyrir þá sem vilja rannsaka og rekja sögu samtímamyndlistar á Íslandi.

#### Listasafn á hlaupum

Það er ekki óvenjulegt að listamenn taki sig saman og stofni til sýningarýmis eða jafnvel safns, en það er óvenjulegt að það haldist listamanna-rekið svona lengi. Það má líta til

# Dansandi listasafn

## Gunnhildur Hauksdóttir

Ljósmyndir Nýlistasafnið

senunnar í Amsterdam og í New York þar sem bylgja slíkra rýma reið yfir á áttunda áratugnum en fá ef einhver þeirra eru enn listamannarekin. Líftími rýma sem rekin eru á forsendum listamanna er yfirleitt 2-5 ár samkvæmt Heimildasafni um listamannarekin rými í Nýló. Þau standa yfirleitt sem tímabundinn völlum tilraunamennsku í listum sem annað hvort leggst niður eða verður formlegri og aðrir taka yfir þegar skrifinnskan eykst.

Nýló var fyrst til húsa í bakhúsinu á Vatnsstíg í húsnæði SÚM hópsins. Það var stofnað til að safna þessari hverfulu nýlist og varðveita það sem síðar urðu vissulega menningarverðmæti þó ekki kæmu allir auga á það þá. Árið 1980 var fyrsta sýningin haldin á vegum Nýló og fljótlega var Gallerí Nýlistasafnsins stofnað og rekið algerlega sjálfstætt frá safninu. Smám saman má segja að áherslan hafi krossast og vettvangurinn til að sýna og sjá tilraunir í myndlist fengið meira vægi en söfnunarstarfið. Á tímabili fór söfnunin í dvala, kassarnir voru settir í geymslur í hollum en gallerið óx og dafnaði. Áratuginn í kringum aldamót var Nýló eftirsóttur og alþjóðlegur sýningastaður, samfélag, vettvangur og mótstaður yngri og eldri kynslóða listamanna. Nú eru þessi samskipti kynslóða í formlegri farvegi og má nefna björkvöld og pub-quiz fyrir myndlistarnema auk þess sem formaður stjórnar hefur haldið fyrirlestra um starfsumhverfi myndlistarmanna í LHÍ og namar sýna í Nýló.

Fráfarandi formaður, Þorgerður Ólafsdóttir, man eftir að hafa komið í bakhúsið 17 ára á björkvöld með Kvennó, tveim árum áður en hún fór að spá í myndlist, það hefur verið sama ár og safnið flutti í framhúsið við Vatnsstíg og hóf þar með harmasögu flutninganna. „Safnið flutti fimm sinnum á fimmtán árum,“ upplýsir Þorgerður og vísar í húsnæðisbramboltið sem ekki verður rakið hér. Nýló virtist vera í sífelldum umhleyplingum og sífellt að endurskoða hlutverk sitt. Tengsl yngri listamanna við þá eldri virtust byrja að rofna og með tímanum stækkaði rofið. Það var lítil rifa, svo gjá og gil.

### Fulltrúar listasafns og ný stjórn

Nýló er eiginlega lífrænt samkvæmt skipulagsskrá. Fulltrúar geta boðið sig fram til að leiða safnið á sjálfum ársfundinum og kynnt framboð sitt svo hver ársfundur getur tekið óvænta stefnu á nóinu. Einn slíkur er nýafstaðinn, en daginn áður fengu þeir fulltrúar sem höfðu þá tilkynnt framboð sendar spurningar sem m.a. fjölluðu um það í hverju munurinn á listamannareknu rými og listastofnun felist, og hvernig þetta mættist í Nýlistasafninu, auk spurninga um fjáröflun, spurninga sem miðuðu að því að knýja frambjóðendur til að hugsa um stefnu safnsins og sérstöðu þess. Það eru áhöld um það meðal fulltrúa hvort það sé ennþá æskilegt að listamaður veiti safninu formennsku enda kemur hvergi fram í skipulagsskrá safnsins að það verði að vera starfandi listamaður. Ásta Ólafsdóttir, sem var ritari stjórnar á

sokkabandsárum safnsins, segir að allir fulltrúar megi bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa fyrir safnið. „Þeir sem vilja mega ganga í Nýlistasafnið óháð starfsheiti eða þannig var það. Mér finnst ekki stórmál hvort sá sem stýrir safninu sé listamaður,“ segir hún. „Aðalatriðið er að til formennsku sé valin fær manneskja sem af áhuga lifir og hrærist í samtímamyndlist.“

Á nýliðnum ársfundi var ekki kosinn starfandi listamaður til að leiða safnið. Í dágóða stund voru það sýningarstjóri og listfræðingur einir sem bitust um formannssætið þar til tveir listamenn af yngri kynslóð buðu sig fram. Dorothee Kirch, sýningarstjóri, hafði betur og mun leiða safnið a.m.k. næsta árið. Einn fulltrúi minntist á að nú séu helst til mikil völd á einu heimili þar sem eiginmaður nýkjörins formanns gegni lykilstöðu á Listasafni Reykjavíkur. „En þetta er kannski ekki óvenjulegt. Það gerist stundum á svona litlu landi að mikil völd safnist inn á eitt heimili eða í einn vinahóp.“ Það er sögulegt á fertugsafmælinu að sá sem veitir stjórninni formennsku sé ekki starfandi listamaður en stjórnin er blanda af listafólki og öðru áhugafólki með starfandi listafólk á ýmsum stigum lífs í meirihluta. Dorothee hefur mikið traust meðal fulltrúa og hlaut yfirgnæfandi kosningu enda hefur hún langa reynslu af sýningarstjórnun og sýn á nýja sporbraut fyrir Nýló.

Hún talar um að Nýló bjóði alltaf upp á möguleika fyrir breytingar. „Sem stjórnarmeðlimur er maður á



Nýló við Skúlagötu þar sem það staldraði stutt við.



Heimildasafn um listamannarekin rými.

tánum, tímalega hefur maður takmarkað umboð svo maður verður að eiga samtál við listamenn og hafa tilfinningu fyrir því hvað er í gangi.“ Hún vísar líka í annan frambjóðanda sem talaði á ársfundinum um að starfið snúist fyrst og fremst um að hlusta. Hún segist vera algerlega sammála því og vill hlusta á raddir listamanna. Líka gagnrýnisraddir og hún vill starfa með þeim á forsendum listarinnar.

Bakland stjórnar er fulltrúaráð Nýló, skipað vel yfir 300 fulltrúum sem áður voru kallaðir félagsmenn. Því var breytt því samkvæmt lögum er ekki lengur hægt að vera bæði sjálfseignarstofnun og félagsamtök. Fulltrúar eru að langmestum hluta myndlistarmenn og svo einhverjir áhugamenn um myndlist. Nú glæðist áhuginn hjá áhugamönnum, þegar safnið er komið í fínt og varanlegt hús. Þorgerður talar um „alvarlega húsnæði“ og það má leiða líkur að því að með nýju húsnæði hafi sýningarstjórar og fagfólk annað en listamenn meiri áhuga á því að koma að rekstri safnsins sem hingað til hefur kannski verið séð sem hálfgerð pönkarabarn í rekstri. Þorgerður segist samt ekki upplifa það þannig að safnið glatist úr höndum myndlistarmanna þó safnstjórinn

sé ekki listamaður og bendir á að meirihluti fulltrúa séu listamenn. „Fráfarandi stjórn hefur unnið hörðum höndum að 40 ára afmælis-sýningunni,“ segir Þorgerður, „og í þeirri vinnu veltum við því fyrir okkur hvernig næstu 40 ár verða.“ Þorgerði hefur alltaf þótt einkennilegt að kalla sjálfa sig safnstjóra, því hún telur sig ekki hafa menntun til að kalla sig það. Hún hefur myndlistarmenntun.

Nýló er vettvangur fyrir þá sem vilja vinna að sýningum og veita rödd í samhengi myndlistar. Myndlist er ungt fag og myndlistarmenn, með Nýló sem farveg, hafa gegnt hlutverki í að finna upp orðræðu í kringum sitt fag því listfræði og listheimspeki eru jú, enn yngri á Íslandi. Aðeins Listaháskólinn og svo Nýló hafa veitt listamönnum þann vettvang með beinum hætti. Þeir listamenn sem leiða safnið í daglegum rekstri hafa tæplega tíma til að sinna eigin list svo vel sé, safnið er kröfuharður húsbóndi. Að taka Nýló að sér tímabundið er næstum eins og að vera kvaddur í herskyldu fyrir stærra samhengi listarinnar. „Er Nýló þannig vettvangur að það breytir myndlistarmönnum í sýningarstjóra?“ hefur Þorgerður stundum spurt sjálfa sig.

### Staðlað safn í fínu húsi

Þegar Nýló var á Laugavegi missti það geymslur sínar og fékk alla kassana aftur í hausinn. Þá upphófst atburðarás endurnýjunar þar sem yngri kynslóð listamanna tók safnið í algera sjálfskoðun. Skoðaði rætur þess gaumgæfilega, samhengið sem það fæddist í og tók ábyrgð á sögunni. Stjórnin opnaði kassana og hóf að kanna hver þessi safneign eiginlega væri og hvert gildi hennar sé og í u.þ.b. 2 ár var safnið undirlagt safneigninni og rannsóknum henni tengdri. Ung kynslóð kallaði til eldri fulltrúa til að stoppa í göt sem höfðu myndast í söguna og græddi að stórum hluta rofið sem var orðið. Upp úr þessari vinnu tók safneignin á sig stærri mynd en áður var þekkt og var öll skráð, en skráning hafði farið fyrir ofan garð og neðan þegar Niels Hafsteinn fór á vit annarra verka. Heimildarsafn um listamannarekin rými tók á sig mynd og gjörningaarkífið varð til. Í ljós kom að safn bókverka er stórt og markvert. Miklu púðri var varið í að bera kennsl á verk og atburði í sögu safnsins og að safna munnlegum sögum eldri listamanna úr röðum fulltrúa.



*SÚM í bakhúsinu við Vatnsstíg árið 1974 og handriðið eftir Jón Gunnar Árnason, nú geymt í safneign Nýlistasafnsins.*

Í gegnum tíðina hefur oft verið talað um að safnið „þyrfti að fara að fullorðnast“. Undirrituð er ósammála því. Safnið fæddist fullorðið. Síðar gekk það í barndóm, svo í sjálfsskoðun og alltaf í reglulega endurskoðun og nú er það mögulega í meltingarvegi gerilsneyðingar. Þegar kassarnir voru opnaðir var oft talað um að safnið gengi úr barndómi og í raun var þarna lagður grundvöllur fyrir því að safnið fengi starfsleyfi. Nú er safnið aftur rekið eins og á áttunda áratugnum, með safneignarstarfið og sýningarstarfsemina aðskilda, eins og flest söfn eru rekin. Sýningarstarfið er í óða önn að koma sér fyrir í Marshallhúsinu við Reykjavíkurborg, í fallettri glerhöll með Ólaf Elíasson og Kling og Bang, líka stofnað af listamönnum en rekið sem fyrirtæki, sem nágretta. Fínt safn í fínu húsi, með fína nágretta og fínt kaffihús. Þarna eru samankomin tvö móðurskip listamannarekinna rýma með Ólaf Elíasson á háaloftinu.

Margir úr fráfarandi stjórn muna tæplega eftir Nýló í bakhúsinu við Vatnsstíg. Ef ekki hefði orðið þessi naflaskoðun á Laugaveginum hefði rofið líklega verið algert því kynslóðarofið spilar líka hlutverk. En í stjórn mætast oft kynslóðir og þannig er það líka núna. Kannski er núna að eiga sér stað annars konar rof. Kannski fer þverrandi tilfinningin fyrir mikilvægi þess að starfandi myndlistarmenn leggi beint til orðræðurnar í safnalandslagi Íslands. „Að listamenn finni áfram hjá sér hvöt og vilja til að skapa það rými og samhengi sem þeim finnst að vanti. Starfsemin þarf hins vegar ekki endilega að vara endalaust, heldur bara vera eins lengi og áhugi og orka eru til staðar,“ sagði fráfarandi formaður í pistli um sögu Nýló á RÚV í febrúar og vísaði þar í rekstur listamannarekinna rýma almennt. Hún sagðist í símtali við undirritaða ekki hafa áhyggjur af því að missa Nýló úr höndunum á listamönnum. En kannski er orka listamanna til að

gefa Nýló tímenn sinn þorinn og tími til kominn að láta annað fagfólk taka við, a.m.k. tímabundið. Kannski er sagan komin á þann stað að Nýló falli í sama far og hin söfnin. Nú eru þessi þrjú megin söfn í Reykjavík, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands og Nýló öll komin í jafn fín hús og allar árnar renna í sama sjó.

En tímenn mun leiða það í ljós. Skipulagsskrá Nýló býður alltaf upp á uppstokkun, formannsseta er eitt ár í senn og stjórnarseta tvö. Þetta fyrirkomulag býður alltaf upp á að listamenn, sem eru lunginn úr fulltrúaráði, og það fólk sem hvaða stjórn sem er situr í forsvari fyrir, hafi hönd í bagga með starfsemi safnsins, enda bakland þess. Ef safnið heldur áfram að safna og vinna með safneignina út frá gildismati listarinnar sjálfar þá er safninu og um leið senunni borgið.

# Til Berlínar í mánaðarútleið

Herra Anton Logi Ólafsson



Mars í Berlín er víst ekki vor. Í óskhyggju fór undirritaður af stað á vinnustofuna illa klæddur og óundirbúinn fyrir kalda nætur þar sem kynding er ekki sjálfsgöð eins og heima í bubblunni. Til að strá salti í köld sárin berst til eyrna að útlit sé fyrir alvöru vor á heimaskerinu.



En kuldi er engin hindrun fyrir verkin framundan. Ég hef ekkert að gera með að fara út hvort eð er, það er allt til alls hérna. Hoppa stundum handan við hornið í ofurmarkað og næli mér í kebab á einum af þremur stöðunum við hliðina. Innivera og myglun hentar vel fyrir vinnu mína þessar næstu fjórar vikur.

Seinustu tvö ár eða svo, þegar ég hef unnið að þessu verkefni, hefur einangrun og sjálfsrýni leikið lykilhlutverk. Fjórða hæðin í Friedrichshain býður upp á fullkomin skilyrði fyrir þessa mikilvægu þætti vinnunnar - einangrun fyrir ofan milljónir fólks, algjörlega óviðkomandi og óþarfa dropi í hafið. Það er gríðarlegur sjarmi við það að skipta engu máli um leið og enginn og ekkert annað skiptir neinu.





Lestarstöðin og miðbærinn vekja upp minningar fyrra lífs sem maur í óskiljanlega stóru búi. Við þjónum öll einhverjum tilgangi, í okkar eigin lífum, hlaupandi á milli allra stálsívalninganna, og það er eins og við séum öll sem partur af einhverri vél. En vélin hefur ekkert endanlegt takmark, engan tilgang. Berlín á til að aftengja mig.



Þrátt fyrir þetta hvarf frá raunveruleikanum (eða afturhvarf til hans?) þá kemstu ekki hjá því að kynnast og tengjast góðu og áhugaverðu fólki hérna. Stórborgir hafa allar, af minni takmörkuðu reynslu, þennan tendens til þess að leyfa manni að týnast í fjöldanum, en Berlín kemur með sitt twist á formúluna. Af einhverri óskiljanlegri ástæðu eru langflestir hérna vingjarnlegir og opnir í viðmóti. Það er sem einhver jákvæður andi hvíli yfir þessari borg í minni upplifun. Allt er uppi á borðinu, fólk er eins og það vill vera og það er allt í lagi. Og það horfa allir í augun á þér, annað en hvektu þegnar heimaskersins.



Upplifunin í Berlín hefur verið marglituð og misgóð eins og lífið sjálft. Hér hef ég fengið að læra mikið og sjá hluti í nýju ljósi. Tíminn mun segja til um hvort það muni sitja eftir. Héðan held ég aftur í bubbbluna, vonandi ekki of dekraður og snobbaður af hendi Berlínar.

# Aðeins um listamannalaun

---

*Erling Jóhannesson*  
*forseti Bandalags íslenskra listamanna*



*Vinnustofa listamanna hjá Óbvia gestavinnustofu í Portúgal. Ljósmynd: Carlos M Santos.*



Mér fellur reyndar betur að tala um starfslaun listamanna, sem í mínum huga fangar betur anda hugmyndarinnar um listamanna-launin. Af hverju segi ég anda hugmyndarinnar? Því starfslaun listamanna eru ekki eingöngu þessir aurar sem listamönnum er ætlað að draga fram lífið á fyrir vinnu sína og listsköpun, heldur felst í starfslauninum, sem slíkum og því hvernig við umgöngumst þau, mjög menningarpólitísk yfirlýsing.

Alla síðustu öld höfum við sem þjóð verið að braggast, koma okkur fyrir í samfélagi þjóðanna og ná menningarlegum takti með nágrannaþjóðum okkar. Fljótlega eftir stríð fóru nágrannar okkar í Skandinavíu að byggja upp launakerfi fyrir listamenn. Það var pólitísk skoðun í hinum sósíal-demókrátsku samfélögum að listin gegndi mikilvægu samfélagslegu hlutverki og að opinber starfslaun tryggðu listinni frelsi og ekki síður sjálfstæði, listin fyrir listina. Hér uppi á Íslandi gekk hægar að koma svipuðu kerfi á. Allar tilraunir til að byggja upp sambærilegt kerfi sem lyti forsendum listamanna runnu út í sandinn, bæði virðist áhugi þingmanna ekki hafa verið mikill og samtök listamanna voru ósamstíga og gátu ekki fylgt

málunum eftir sameiginlega. Á sama tíma og nágrannar okkar voru að byggja upp launakerfi vorum við uppteknari við uppbyggingu menningarstofnana eins og Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar og pólitísk menningarumræða var mjög lituð af þjóðerniskennnd hjá hinu nýja lýðveldi.

Það er ekki fyrr en með annarri og þriðju kynslóð listamanna að við eignumst lög um starfslaun listamanna eða árið 1991. Núverandi kerfi er grundvallað á þeirri lagasetningu, því má segja að við höfum verið svona 40 árum á eftir nágrönnum okkar að viðurkenna mikilvægi starfslauna. Tiltekið er í lögnum frá 1991 að upphæð starfslaunanna eigi að miðast við laun lektors við HÍ að viðbættu 6% álagi og að starfslaunaþegar eigi kost á greiðslu í sófnunarsjóð lífeyrisréttinda. Það má segja að í þessari málsgrein birtist ákveðið verðmat, viðurkenning hins opinbera á hvers virði vinnudagur listamannsins var og hvaða réttinda þótti sjálfsagt að hann nyti. Þetta eru aðrar upphæðir en við sjáum í launatölum starfslaunasjóðsins í dag. Í lögnum sem í gildi eru, frá 2009, er föst tala sem lýtur ákvörðun Alþingis hverju sinni og starfslauninum fylgja

engin réttindi. Í slíku fyrirkomulagi, þar sem upphæðin vísar ekki til neinnar hliðstæðu á launamarkaði, gerist það sjálfkrafa að launin rýrna.

Starfslaunin eru gríðarlega stór breyta í starfsumhverfi listamanna. Þau eru nánast eins og yfirlýsing um kjör listamanna og þegar um er að ræða þessa litlu upphæð og algjört réttindaleyfi gefur auga leið að þau gefa tóninn og halda niðri öðrum samningum listamanna.

Það er listamönnum gríðarlega mikilvægt að endurreisa virðingu starfslaunanna. Með virðingu er ég ekki að vísa til orðræðu nettröllanna, heldur virðingar valdhafa og okkar listamannanna sjálfra. Því eins og ég nefndi í upphafi felst menningarpólitísk yfirlýsing í setningu, umgengni og framkvæmd þessara laga. Í framkvæmd þeirra liggja efndir hins opinbera á eigin menningarstefnu sem samþykkt var 2013, þar sem segir meðal annars: *Íslensk stjórnvöld líta á það sem hlutverk sitt að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs.* Listamenn landsins bera ábyrgðina á fjölbreytninni, sköpuninni og frumkvæðinu en stjórnvöld bera ábyrgð á skilyrðunum.

# „Maður missir stjórn á tímanum og það er dásamleg tilfinning“

Viðtal við Nica Junker, listamann í gestavinnustofu SÍM

Nica Junker er þýskur listamaður sem hefur dvalið undanfarinn mánuð í gestavinnustofu Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) við Seljaveg í Reykjavík. Nica er rétt rúmlega fertug og hefur á tiltölulega stuttum ferli náð að afreka margt. Hún hefur búið í Frakklandi, Írlandi, Þýskalandi og Japan, unnið sem leikstjóri, gegnt starfi aðjúkts í virtum listaháskóla í Þýskalandi og þar að auki unnið hörðum höndum að listsköpun sinni og rannsóknnum. Nica vinnur nú að doktorsrannsókn í myndlist þar sem hún veltir fyrir sér birtingarmyndum tímans og reynir eftir fremsta megni að ljósmynda fjarveru hans.

## Náttúrunni alveg sama um landamæri

Nica Junker fæddist á landamærum Þýskalands og Frakklands, nánar tiltekið í Saarbrücken, árið 1975. „Í minningunni var skógur á landamærunum og sem barn vissi ég aldrei hvort ég væri nákvæmlega í Frakklandi eða Þýskalandi, trén geta auðvitað ekki sagt þér til um hvar þú

ert staddur,“ segir hún og bætir við að það að alast upp á landamærum hafi stundum haft ruglandi áhrif á sjálfsmyndina: „Ég ólst upp með þann skilning að náttúrunni væri alveg sama um landamæri. Síðar fór ég til Parísar í nám og þaðan til Þýskalands að læra, svo ég er alltaf að flakka á milli Frakklands og Þýskalands.“ Nica lagði stund á nám í heimspeki, heimsbókmenntum og leikhúsfraði í eitt ár í París. Á þriðja námsári sínu fór hún til Dublin í skiptináms og uppgötvaði þar kvikmyndamiðilinn: „Ég gerði kvikmynd í Dublin og var í framhaldinu tekin inn í Babelsberg-kvikmyndaháskólann í Potsdam sem er rétt fyrir utan Berlín. Þar lærði ég kvikmyndaleikstjórn, þar er bakgrunnur minn í listinni.“

## Mikilvæg mistök

Á öðru árinu í Babelsberg gerði Nica sína fyrstu bíómynd en handritið var unnið eftir smásögunni „The Second Bakery Attack“ eftir japanska rithöfundinn Haruki Murakami. Í sögunni kynnumst við nýgiftum

japönskum hjónum í Tokyo sem taka upp á því að brjótast inn á McDonald's veitingastað klædd skíðagrímum og ræna hamborgurum. Ástæðan fyrir innbrotinu er ekki einungis sú að hjónin séu svöng heldur stýrir fortíð eiginmannsins og hjátrú eiginkonunnar atburðarásinni. „Ég vil taka það fram að allt kvikmyndaliðið sem vann með mér að myndinni stóð sig stórkostlega, en þrátt fyrir það tókst mér að klúðra henni algjörlega. Ég hafði ekki hugmynd um allt myndmálið í japanska tungumálinu því ég hafði lesið bókina í þýskri þýðingu. Kvikmyndin misheppnaðist alveg, ég gat ómögulega nýtt mína eigin menningu sem efnivið í mynd um japanska menningu. Ég veit það ekki, ég var ekki sannfærð í hlutverki leikstjórans við gerð þessarar kvikmyndar, aðrir gætu hafa verið ánægðir með hana en mér fannst verkið alls ekki túlka það sem ég vildi að kæmi fram. Í kjölfarið kviknaði reyndar hugmyndin um að fara til Japan.“



The beauty of lingering time 2017. (Ljósmynd, birt með leyfi listamannsins).

